

Bls. 4

Undirbúningur samninga

Bls. 8

Spennandi nám

Bls. 54

Láttu ekki plata þig

Bls. 14



Heimsækir 50 lönd

Bls. 22



Með glampa í augum

Bls. 52



Stærðfræðileikskóli

Fyrsta heimilið



Einu sinni

er allt fyrst

Greiðsluþjónusta

Færðu reikninga í tíma og ótíma? Áttu erfitt með að átta þig á því hve mikið þú þarft að greiða í mánaðarleg útgjöld? Þú færð fyrsta árið frítt í Greiðsluþjónustu Búnaðarbankans – og bankinn sér um að greiða reikningana á réttum tíma. Ekki nóg með það, því útgjöldin dreifast jafnt á alla mánuði ársins og þú greiðir alltaf sömu fjárhæð í hverjum mánuði. Þú losnar við gluggapóstinn, dráttarvextina, biðraðirnar og útgjaldasveiflur og veist alltaf hvar þú stendur í fjármálum.

BÚNAÐARBANKINN - FYRIR ÞIG



BÚNAÐARBANKINN
-Traustur banki



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag

Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Garðar Vilhjálmsson

Guðmundur Þ. Jónsson

Sigurður Bessason

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Elva Tryggvadóttir

Fjóla Jónsdóttir

Garðar Vilhjálmsson

Guðmundur Þ. Jónsson

Guðrún Kr. Ólafsdóttir

Harpa Ólafsdóttir

Hjálfríður Þórðardóttir

Hjördis Baldursdóttir

Hjördis Þorsteinsdóttir

Hulda Hafsteinsdóttir

Ingunn Þorsteinsdóttir

Kristjana Valgeirsdóttir

Margrét Davíðsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Sigurður Bessason

Sigurlaug Gröndal

Sveinn Ingvason

Tryggvi Marteinsson

Viktória Jensdóttir

Þóris Andrésdóttir

Þóris Guðjónsson

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir

Elin Baldursdóttir

Hallsteinn Friðbjófnsson

Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Starfsafi

Maríanna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír,

auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis hf.

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Helga Ösp Jóhannsdóttir

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sæturni 1

sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikning viðkomandi. Sími úthlutunarnefndar er 510 7510 myndsendir: 510 7511



Sigurður Bessason

Samstarf Flóafélaga áfram

Í síðustu kjarasamningum ákváðu stéttarfélögin Efling, Hlíf og VSFK að sameina kraftana og ganga sameiginlega til kjarasamninga. Félögin settu sér skýr markmið um sameiginlega kröfugerð og samstöðu í öllum þáttum kjaramála.

Ástæður þessarar stefnu félaganna eru auðskiljanlegar. Landamæri félaganna liggja saman. Sameiginlegt félagssvæði nær frá Hvalfjarðarbotni út á Reykjanes. Á þessu svæði er að verða til sameiginlegur vinnumarkaður. Það eru augljósir hagsmunir launafólks á svæðinu að horft sé til heildarhagsmuna þar sem ákvæði kjarasamninga fara saman. Félagsmenn færast á milli félagssvæða innan Flóans þegar menn skipta um vinnu og fyrirtæki fara sig milli svæða. Félögin vilja tryggja að kjara- og réttindamál á þessu svæði séu sem allra líkust. Á þessu svæði er stærstur hópur launafólks á landinu, atvinnulíf er fjölbreytt og svipað atvinnustig. Ekki er efi meðal forsvarsmanna Flóafélaganna að þetta fyrirkomulag hafa í stórum dráttum reynst vel. Meginmarkið félaganna gengu eftir. Það tókst að hækka lægstu laun innan ASÍ meira en önnur laun. Það tókst að tryggja stöðugleika sem er lykillinn að auknum kaupmætti. Það tókst að lyfta grettistaki í starfsmenntamálum með kraftmiklu starfi nýju starfsmenntasjóðanna. Sannarlega má alltaf gera betur en því verður ekki mótmælt að samstaða Flóafélaganna í síðustu samningum hefur skilað launafólki árangri.

Þær röksemdir sem lágu til grundvallar Flóabandalaginu á sínum tíma í aðdraganda samninganna 2000 eiga jafnvel við í dag. Félögin hafa nú gengið frá viðræðuáætlun og gengið verður frá endanlegu samkomulagi um endurnýjun samstarfs á næstu dögum.

Forsvarsmenn Flóafélaganna hafa lagt áherslu á að eiga gott samstarf við Alþýðusamband Íslands og Starfsgreinasambandið um sameiginleg mál. Viðtækara samstarf er nauðsynlegt á vissum sviðum sem snerta sveitarfélögin, ríkið og ýmis sameiginleg mál á landsvísi. Það er hins vegar allveg skýrt að samningsumboð félaganna liggur hjá þeim sjálfum.

Meginverkefni Flóans framundan er því að þróa það samstarf í kjaramálum og starfsmenntamálum launafólks á þessu svæði til hagsbóta. Á næstu mánuðum munu Flóafélögin einbeita sér að þessu verkefni.

Menntun tryggir kjörin

Í haustblaði Eflingar endurspeglast enn á ný eitt skýrasta markmið og starf félagsins frá stofnun þess. Menntun félagsmanna er forgangsatriði. Það er ekki lengur deilt um það að aukin þekking og hæfni er forsenda aukinnar verðmætasköpunar og þar með bættra kjara. Efling hefur lagt á það höfuðáherslu frá upphafi að aðgangur launafólks að menntun sé lykilli betri lífskjara. Starf stéttarfélagsins skiptir hér höfuðmáli.

Í næstu kjarasamningum mun félagið áfram leggja ríka áherslu á menntamál félagsmanna. Mikilvægast er að félagsmenn eigi áfram kost á að auka þekkingu sína, aðlagast nýjungum, taka þátt í breytingum og verða betri og verðmætari starfsmenn.

Sigurður Bessason

E F N I S Y F I R L I T

Undirbúningur samninga	4	Alþjóðleg Efling	32
Aftur í nám	6	Starfsnám	34
Spennandi nám	8	Aldrei of seint	38
Námskeið fyrir félagsmenn	10	Hvatning	40
What support do I get	12	Ný tækifæri	42
Heimsækir 50 lönd	14	Námsráðgjöf	44
Úr Grunnmennta- í Kennaraháskóla	16	Uppáhaldsréttur	48
Hagfræði trúnaðarmanns	18	Heim með fulla tösku	50
Takt í tilveruna	20	Stærðfræðileikskóli	52
Glampi í augum	22	Láttu ekki plata þig	54
Skemmtileg tilbreyting	27	Nýtt nám	58
Erum rétt að byrja	30		


Samningar lausir um áramót

Undirbúningur hafinn

- viðhorfskönnun meðal félagsmanna um áherslur

Kjarasamningar Eflingarfélaga sem starfa á almennum markaði eru lausir um næstu áramót. Undirbúningur samninga er þegar farinn af stað m.a. annars með kjararannsóknum og samráðsfundum innan félagsins. Viðhorfskönnun meðal félagsmanna hefur farið fram þar sem kallað er eftir sjónarmiðum 1.200 félagsmanna.

Það eru Flóafélögin Efling, Hlíf og VSFK sem hafa fengið Gallup á Íslandi til að framkvæma viðamikla viðhorfskönnun þar sem leitast verður við



að meta viðhorf og vilja félagsmanna til næstu kjarasamninga. Efling hefur notað þessa aðferð við fyrri samninga til að taka púlsinn á félagsmönnum en í svo fjölmennu félagi sem Eflingu, er orðið nauðsynlegt að beita öllum leiðum til að fá fram sjónarmið sem breiðasta hóps félagsmanna.

Niðurstöður könnunarinnar liggja fyrir í lok september. Samninganefnd verður væntanlega kosin í september og mun forysta félagsins og samninganefnd taka þær til umræðu og fella að stefnumótun fyrir komandi samningatörn. Gerð verður grein fyrir niðurstöðunum í næsta fréttablaði Eflingar.

Frítökuréttur í kjarasamningum

Fylgist með réttindum ykkar!!!!

Efling-stéttarfélag vill vekja sérstaka athygli á meginatriðum hvíldartíma í kjarasamningum þar sem enn eru mörg dæmi um að launagreiðendur hafi ekki sinnt áminningum um að skrá frítökuréttinn til að starfsmenn fá notið réttar síns. Félagsmönnum Eflingar er bent á að þeir eru sjálfir burðarásinn í því að framfylgja þessum ákvæðum og vekja athygli trúnaðarmanna og skrifstofu félagsins á því ef verið er að brjóta á hvíldartímaákvæðum.

Í hvíldartímaákvæðum aðalkjarasamninga er að finna ákvæði sem er þannig: Séu starfsmenn sérstaklega beðnir að mæta til vinnu áður en 11 stunda hvíld er náð er heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar þannig að frítökuréttur, 1 _ klukkustund (dagvinna) safnist upp fyrir hverja klukkustund sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út _ klst (í dagvinnu) af frítökuréttinum, óski starfsmaður þess. Í öllum tilfellum er óheimilt að skerða 8 klukkustunda samfellda hvíld.

Uppsafnaður frítökuréttur skal samkvæmt framangreindu koma fram á launaseðli og er veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi stofnunar/fyrirtækis í samráði við starfsmenn enda sé uppsafnaður frí-



Myndefni er ekki beint tengt hvíldartíma

tökuréttur a.m.k. 4 klukkustundir. Við starfslok skal ónýttur frítökuréttur starfsmanna gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

Efling-stéttarfélag vill vekja sérstaka

athygli á þessum greinum þar sem þó nokkrir launagreiðendur hafa ekki sinnt áminningum varðandi skráningu frítökuréttarins og að starfsmenn fá notið réttar síns.

FIGURÐ • HREYSTI • HOLLUSTA


Skýr

Nýtt ferskt útlit - sama góða innihaldið

Nú hefur KEA-skyrið vinsæla fengið nýtt útlit, auk þess sem 200 gramma dósin er nú með skeið í lokinu sem gerir skyrið tilvalið til neyslu hvar og hvenær sem er.

KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næring- arikt og nánast fitulaust. Það er mjög bragðgott og án allra aukaefna. Í því eru hvorki sætu- efni né önnur hjálparefni.

Allt þetta gerir KEA-skyr að góðum kosti fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



„Aftur í nám“

Meðal margra nýjunga hjá Mími - Símenntun,
Rætt við Huldu Ólafsdóttur framkvæmdastjóra Mímis - Símenntunar

Við leggjum mikla áherslu á að þjóna fólkinu í félögum eins og Eflingu sem hefur margt styttra nám að baki og þar

**Skoðið úrval námskeiða
hjá Mími á bls. 29.**

Þess vegna að bæta þekkingu sína og stöðu á vinnumarkaði, segir Hulda Ólafsdóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri

Mímis Símenntunar. Félagsmenn Eflingar þekkja vel til Mímis þar sem skólinn hefur verið í samstarfi við félagið í mörg ár um fjölda námskeiða. Hulda fór yfir það helsta sem er á döfinni hjá Mími.

Mímir-símenntun leggur mikla áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt námskeið fyrir einstaklinga, hópa og stéttarfélög. Fjölmennustu einstaklingsnámskeiðin hjá okkur eru tungumálanámskeið, enska, ítalska, spænska o.fl.



Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis - Símenntunar

Reynir Bakari
alltaf góður



Reynir Bakari býður þig velkomin í glæsilegar verslanir okkar að Dalvegi 4 og Hamraborg 14

Mikið úrval af gómsætum smurðum samlokum og öðru meðlæti



Reynir Bakari

Góð brauð • Betri heilsa

ásamt tölvunámskeiðum. Jafnframt bjóðum við upp á mikið úrval tómsundanámskeiða s.s. matreiðslunámskeið, saumanámskeið auk menningar- tengdra námskeiða í fornsögum, leiklist og myndlist. Eflingarfélagar geta sótt um endurgreiðslu á hluta námskeiðskostnaðar vegna þessara einstaklingsnámskeiða í sinn fræðslusjóð hjá Eflingu, allt að 75% endurgreiðslu, og hvet ég alla félagsmenn til að kanna rétt sinn hjá Eflingu.

Helsta nýjungin hjá Mími-símenntun í vetur verður námskeið sem kallast „Aftur í nám“ sem er sérstaklega ætlað lesblindum. Þróun þessa námskeiðs var studd vel af fræðslusjóðum Eflingar og bindum við miklar vonir við að þetta nám megi gagnast fólki sem hefur oft á tíðum liðið fyrir lesblinduna og því ekki notið hæfileika sinna sem skyldi, segir Hulda.

Auk ofangreindra námskeiða stöndum við að margskonar **starfsmennta- námskeiðum** fyrir stéttarfélög og vinnustaði. Þessi námskeið eru sérsmíðin að þörfum viðskiptavinarins, t.d. fyrir starfsmenn mótuneyta, olúfélaga, áhaldahúsa og fyrir ræstingafólk svo eitthvað sé nefnt.

Upplýsingar um kvöldnámskeið hjá Mími-símenntun er hægt að fá í s. 588 7222 og um annað nám í s. 533 1818. Einnig gefur Efling upplýsingar um námskeið sem eru sérstaklega fyrir félagsmenn í síma 510-7500 en einnig er hægt að senda fyrirspurn á efling@efling.is.



Göldrum líkast

Pasta magic eru spennandi og öðruvísi pastasósur frá KNORR. Pasta magic sósunum er einfaldlega hrært saman við nýsoðið pasta og þar með er tilbúinn ljúffengur réttur með lágmarks fyrirhöfn. Pasta magic bragðast eins og pastasósur eiga að bragðast. Í þær eru eingöngu notuð úrvals hráefni og þær innihalda engin rotvarnarefni svo bragðgæðin eru ósvikin.

Pasta magic fæst í þremur tegundum:

Tomato & Roasted Garlic: Kröftugt bragð af tómötum og bökudum hvítlauk.

Tomato & Hot Chilli: Sterk sósá með kröftugu bragði af tómati og sterku chilli.

Sundried Tomato & Herbs: Kraftmikið bragð af kryddjurtum og sólþurrkuðum tómötum.

1.



Þú sýður gott pasta.

2.



Setur 2-3 matskeiðar af Pasta magic yfir nýsoðið pastað.

3.



Verði þér að góðu!



Er þetta ekki eitthvað fyrir þig?

Námskeið **Eflingar** í samvinnu við **Mími - símenntun**

Efling - stéttarfélag og Mímir - símenntun bjóða eftirfarandi nám í vetur fyrir Eflingarfélag. Skráning er á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500 eða með tölvupósti á efling@efling.is. Athugið að á sum námskeið er takmarkaður fjöldi. Námskeiðin eru ýmist haldin í húsnæði Mímis - símenntunar eða í fræðslusetri Eflingar - stéttarfélags að Sætúni 1, 4.hæð.

Grunnmenntaskólinn - Að tileinka sér nýja þekkingu

Grunnmenntaskólinn er 300 kennslustunda nám skipt á tvær 150 stunda námsannir. Meginviðfangsefni námsins er að kenna nemendum að tileinka sér nýja þekkingu - að læra að læra. Kennð er íslenska, stærðfræði, enska, verkefnavinna, vinna við tölvur og þjónusta. Allt námið miðast við að

nemendur hafi lítið formlegt nám að baki (s.s. aðeins grunnskólapróf). Töluverð eftirspurn er eftir þessu námi og mun þriðji hópurinn hefja nám í haust, hámarksfjöldi nemenda er 18. Umsóknareyðublöð má fá á skrifstofu Efl-

**Nánari upplýsingar
og skráning á
námskeið Eflingar og
Mímis er hjá Eflingu
í síma 510 7500**

ingar eða heimasíðu félagsins (www.efling.is). Þrátt fyrir að námið sé styrkt að stærstum hluta af starfsmenntasjóðum

félagsins er nauðsynlegt að innheimta skólagjöld kr. 20.000.- Nemendur geta síðan sótt um 75% endurgreiðslu á þessum skólagjöldum sem einstaklingsstyrk í sinn starfsmenntasjóð hjá félaginu.

Áætlað er að námið hefjist mánudaginn 22. september.

Landnemaskólinn – fyrir nýja Íslendinga

Landnemaskólinn er nám fyrir nýja Íslendinga sem eru í starfi. Þar fer fram almenn fræðsla um íslenskt þjóðlíf og menningu með áherslu á íslenskukennslu og ýmislegt sem tengist því að setjast að í nýju landi. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi einhverja kunnáttu í íslensku máli. Landnemaskólinn er 120 kennslustunda nám og áætlað er að námskeiðið hefjist 23. september. Gert er ráð fyrir að atvinnurekendur komi til móts við þetta nám með því að heimila nemendum að hefja nám kl 15:00. En námskeiðið þarf að vera í fullu samráði við yfirmann.

Þrátt fyrir að námið sé styrkt að stærstum hluta af starfsmenntasjóðum félagsins er nauðsynlegt að innheimta skólagjöld kr. 20.000.- Nemendur geta síðan sótt um 75% endurgreiðslu á þessum skólagjöldum sem einstaklingsstyrk í sinn starfsmenntasjóð hjá félaginu.

Aðeins er hægt að bjóða takmörkuðum fjölda þátttöku en umsóknareyðublöð má fá á skrifstofu Eflingar eða heimasíðu félagsins (www.efling.is).

Viltu efla sjálfstraustið - vera tilbúin/inn að koma þínum skoðunum á framfæri?

Sjálfsstyrkingarnámskeiðið vinsælu verða áfram í vetur í boði hjá Eflingu - stéttarfélagi. Þessi námskeið taka yfir þrjú kvöld þar sem m.a. er fjallað um mismunandi framkomu og áhrif hennar á samskipti. Hvað eflir og hvað dregur úr sjálfstrausti? Fjallað er um áhrif góðrar sjálfsmyndar á starfsandann. Síðastliðið vor var biðlisti á þessi námskeið hjá okkur og mun félagið reyna að bjóða öllum sem áhuga hafa, þátttöku í haust.

Sjálfsstyrkingarnámskeiðið verða tvö nú á haustönn, annarsvegar í september, en hinsvegar október, sjá töflu á bls. 10. Námskeiðið hefjast kl 19:00 og standa til kl 22:00

Námið er félagsmönnum að kostnaðarlausu og skráning er á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500.

LÍNA LANGSOKKUR

er mætt í Borgarleikhúsið



BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Miðasala: 568 8000 • www.borgarleikhus.is



Sjálfsstyrking - Framhaldsnám-skeið

Framhaldsnámskeið verða í vetur en þar verður farið dýpra í ýmsa þætti úr

námskeiði I í sjálfsstyrkingu, tekið á streitu, reiði og áhrif eigin hugsana. Sjá töflu á bls. 10

Sjálfsstyrking fyrir erlenda starfsmenn - pólska

Í haust verður í fyrsta skipti boðið upp á sjálfsstyrkingu fyrir erlenda starfsmenn á þeirra móðurmáli. Byrjað verður að bjóða félagsmönnum með pólsku á móðurmáli uppá þessi námskeið.

Félagsmenn af erlendu bergi brotnu eru nú yfir tvö þúsund í Eflingu - stéttarfélagi og er mikil þörf á námskeiðum af þessu tagi fyrir fólk sem er að vinna í framandi vinnuumhverfi. Námskeiðið er að stærstum hluta það sama og á hefðbundnu sjálfsstyrkingarnámskeiðunum og er félagsmönnum að kostnaðarlausu. Sjá töflu hér að neðan.

Ertu að undirbúa starfslok?


Áfram verður boðið upp á starfslokánámskeið fyrir starfsmenn sem eru að undirbúa sig undir það að fara á eftirlaun. Þetta eru 20 kennslustunda námskeið og hafa verið vinsæl hjá félaginu. Farið er yfir hin ýmsu réttindi og skyldur sem snúa að eldri borgurum ásamt því sem tekin eru fyrir samfélagsleg og heilsufarsleg viðfangsefni þeirra sem eru að komast á besta aldur. Sjá tíma-setningu í töflu hér að neðan.

Þátttakan er félagsmönnum Eflingar að kostnaðarlausu.

Námskeið Eflingar fyrir félagsmenn haldin haustið 2003 í samvinnu við Mími - símenntun.

Námskeiðin eru ýmist haldin í fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1, 4 hæð eða í kennsluhúsnæði Mímis - símenntunar

Hvað?	Hvenær?	Hvar?
Grunnmenntaskólinn. Skólagjöld eru 20 þúsund. Hægt er að sækja um endurg. 75%.	Hefst 22. sept. Kennt mánud., miðvikud kl 16:00-20:00 og annan hvern laugardag kl. 10:00-15:00	Kennsluhúsnæði Mímis við Öldugötu (Gamli stýrimannaskólinn)
Landnemaskólinn Skólagjöld eru 20 þúsund. Hægt er að sækja um endurg. 75%.	Hefst 23. sept. Kennt mánud., miðvikud kl 16:00-20:00 og annan hvern laugardag kl. 10:00-15:00	Kennsluhúsnæði Mímis við Öldugötu (Gamli stýrimannaskólinn)
Sjálfsstyrkingarnámskeið I Engin námskeiðsgjöld.	16., 18., og 23. sept. Kl 19:00-22:00 og 16., 22., og 23. okt. Kl 19:00-22:00	Fræðslusetur Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð.
Sjálfsstyrkingarnámskeið frh. Engin námskeiðsgjöld.	4., 6., og 11. nóv. Kl 19:00-22:00	Fræðslusetur Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð.
Sjálfsstyrkingarnámskeið - Pólsku. Engin námskeiðsgjöld.	7., 9., og 14. okt. Kl 19:00-22:00	Fræðslusetur Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð.
Starfslokánámskeið. Engin námskeiðsgjöld.	7., 9. og 11. okt. og 4., 6. og 8. nóv. Þriðjud. og fimmtud. Kl 19:00-22:00 og laugard. Kl 10:00-15:00	Fræðslusetur Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð.



*Hefurðu
tíða verki?*

ÍBÚFEN

Bólqueyðandi og verkjastillandi

Notkunarsvið: Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólqueyðandi og verkjastillandi lyf. Lyfið er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpinu og höfuðverk. Einnig má nota það sem verkjalyf eftir minni háttar aðgerðir t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða er með skerta lifrarstarfsemi má ekki nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsaklæða eftir töku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólqueyðandi lyfja (annarra en barkstera) ættu ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað vanfærum konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. ofnæmi (útbrot) og meltingaröþægindum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 01.09.01.



LYFJABRÓÐUR • HÚSVIT • GLENN
www.delta.is

Hvað fæ ég **endurgreitt?**

- Nýtum okkur stuðning til náms!

Réttur félagsmanna til einstaklingsstyrkja getur verið mismunandi eftir því hvort viðkomandi starfar hjá ríki, borg eða á almennum vinnumarkaði, en einnig er lagt mat á starfstengingu námsins við úthlutun námsstyrkja.

Meginreglur starfsmenntasjóða Eflingar gera ráð fyrir að umsækjandi hafi verið í félaginu í 12 mánuði áður en sótt er um styrk en greitt er hlutfallslega fyrir hlutastörf. Styrkir til einstakra félagsmann vegna starfsnáms að eigin vali geta verið allt að frá 35.000 til 44.000 krónur á ári eftir sjóðum. Aldrei er þó greitt meira en sem nemur 75% af kostnaði við viðkomandi námskeið.

Til þess að sækja um styrk þarf að fylla út sérstakt eyðublað sem fæst á skrifstofu Eflingar og skila inn kvittun fyrir greiðslu á námskeiði ásamt ljósriti af síðasta launaseðli og staðfestingu á að hafa lokið námskeiðinu. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu Eflingar undir liðnum fræðslumál.

Efling starfsrækir í samstarfi við atvinnurekendur starfsmenntasjóði fyrir alla félagsmenn sína. Hlutverk starfsmenntasjóðanna er tvíþætt:

- Að styrkja einstaklinga til starfsnáms að eigin vali þ.e. með einstaklingsstyrkjum.
- Að standa að framboði á starfsmenntanámsskeiðum í samstarfi við fræðsluaðila og ákveðnar starfsgreinar eða fyrirtæki.



WHAT rights do I have??

What **support** do I have **from Efling?**

The individual's right to receive educational subsidies is dependent on whether they work for the state, the city or in the private sector. The link between the planned vocational education course, and the job performed, is also evaluated before subsidies are granted.

The main rules of the educational funds of Efling state that those applying for a subsidy must have been members of the union for a 12 month period before applying. Grants to those

in part-time employment are proportional. The amount of any grant offered to an individual for vocational education they choose themselves may vary from 35.000 kr. to 44.000 per year. In order to apply for a subsidy applicants must complete a special

form, available at the Efling office. This may also be found on the Efling homepage under the heading of "Education". Applicants must also present a receipt, for payment of a course, together with a copy of their last salary slip.

Efling provides in cooperation with employers, educational funds which are available to all its members. The role of these educational funds is twofold:

- to grant a subsidy to individuals for vocational education, chosen by themselves, i.e. individual subsidies.
- to offer courses in vocational education in cooperation with educational institutions, specific trade departments or firms.

Afslættir hjá fræðsluáðilum fyrir Eflingarfélaga

Eftirtaldi aðilar gefa Eflingarfélögum afslátt á verði námskeiða gegn framvísun félagsskírteinis:

Hraðlestrarskólinn	10%
Nýi Ökuskólinn	10%
Ökuskólinn í Mjódd	10%
Iðntæknistofnun	10%
Tölvu- og verkfræðipjónustan	5%-15%

Fróðleiksmolar

Er orlof innifalið í launum þínum?

Það er óheimilt að greiða orlofið með launum.

Nám skeið

á haustönn 2003

www.fa.is/framvegis

Er erfitt að lesa?

Námskeiðið Að komast yfir þróskuldinn er ætlað fullorðnu fólki með lesröskun. Ekki er nauðsynlegt að hafa dyslexlugreiningu.

Mán. og fim. 16. okt. – 17. nóv.
kl. 19:30-21:30 (30 kennslust. – 10 skipti)
Leiðbeinendur: Elín Vilhelmsdóttir
sálfræðikennari og Sveinbjörg
Sveinbjörnsdóttir íslenskukennari. Mörg
stéttarfélag greiða niður námskeiðsgjöld
fyrir félagsmenn sína.
Verð: 25.000

Kvíðirðu fyrir prófum?

Námskeiðið Prófkvíði er ætlað þeim sem kvíði stendur fyrir þrófum. Markmiðið er að þátttakendur öðlist skilning á kvíða sínum og ná stjórn á trúfandi áhrifum hans.

Fim. 23. okt. – 20. nóv. kl. 17:00-19:00
(15 kennslust. – 5 skipti). Auk þess er
innifalinn einkatími hjá sálfræðingi.
Leiðbeinendur: Halldóra Bergmann
sálfræðingur og Guðmundur Birgisdóttir
námsráðgjafi
Verð: 15.000

Er fjölskyldan í fyrirrúmi?

Námskeiðið Foreldrar – unglingar – skóli er ætlað foreldrum sem eiga unglinga í framhaldsskóla. Markmiðið er að hjálpa foreldrum að styðja unglingana sína í námi. Fjallað er um framhaldsskólakerfið, stöðkerfi skólanna, leiðir til að virkja áhuga og fylgjast með heimanámi, kröfur sem foreldrar þurfa að gera til unglinga og sjálfrá sín, vinnu með skóla og fleira.

Þri. 7. og mið. 8. okt. kl. 19:00-22:00
(9 kennslust. – 2 skipti)
Leiðbeinendur: Eyjólfur Bragason og
Ragnheiður Bóasdóttir námsráðgjafar. Ath.
námskeiðið er haldið í Fjölbautaskólanum
við Ármúla.
Verð: 6.000 (8.000 fyrir tvo aðstandendur)

Ertu í fjarnámi?

Á námskeiðinu Námstækni fyrir fjarnámsnemendur er fjallað um hvernig best er að stunda fjarnám um Netið; um námstækni, vinnubrögð, hagnýtingu tölvu og Nets, samskipti við kennara og samnemendur.

Námskeiðið er í fjarnámsformi og samsvarar 10
kennslustundum. Það stendur yfir 15. sept. – 5. okt.
Leiðbeinandi: Lára Stefánsdóttir ráðgjafi um
upplýsingatækni og menntun
Verð: 7.500

Viltu rifja upp og rita endurminningar þínar?

Á ritlistarnámskeiðinu Að muna og minnst eru notaðar ýmsar leiðir til að endurvekja fortíðina og koma minningum á bláð. Skrifuð eru minningarbrot frá ýmsum æviskeiðum. Einnig er fjallað um hvernig fólk vinnur úr minningum sínum. Námskeiðið er ætlað fólki á öllum aldri.
Leiðbeinandi: Björg Árnadóttir blaðamaður og kennari

Mán. 3. nóv. – 1. des. kl. 19:30-21:30
(15 kennslust. – 5 skipti)
Verð: 15.000

Ertu að kenna og leiðbeina öðrum?

Á námskeiðinu Að undirbúa kennslu er farið yfir helstu þætti sem hafa þarf í huga þegar kennsla er undirbúin og kynntar aðferðir til að auðvelda undirbúninginn og tryggja að árangur kennslunnar verði sem mestur. Námskeiðið er einkum ætlað þeim sem fást við leiðsögn og kennslu utan hins hefðbundna skólakerfis. Unnið er með raunhæf verkefni þátttakenda.

Fös. 17. og mán. 20. okt. kl. 9:00-15:00
(15 kennslust. – 2 skipti)

Leiðbeinandi: Sigrún Jóhannesdóttir kennsluráðgjafi. Sigrún hefur nýlokið við að skrifa kennsluefni fyrir leiðbeinendur með styrk frá Starfsmenntaráði.
Verð: 20.000



FRAMVEGIS
MISTÖÐ UM SÍMENNTUN Í REYKJAVÍK

Upplýsingar og skráning
í síma 581 4914
kl. 9:00-12:00 virka
daga og á vefnum
www.fa.is/framvegis.
Námskeiðin eru haldin í
Síðumúla 6, 2. hæð.

Heilbrigðisstéttir
athugið – námskeiðin
eru komin á Netið.



Eflingarfélagi á faraldsfæti

Takmarkið að heimsækja 50 lönd

- Oddný A. Ólafsdóttir segir frá atburðaríkum ferðalögum

Flest höfum við safnað einhverju um ævina. Sumir safna frímerkjum. Aðrir safna pennum og barmmerkjum.

Sjálfsgagt hefur hún Oddný A. Ólafsdóttir leikið sér að beinum á túninu við bæinn að Bústöðum í Austurdal í Skagafirði, þar sem hún fæddist árið 1936 og átti heima til 8 ára aldurs. En frá árinu 1958 hefur Oddný einbeitt sér að annarri óvenjulegri söfnun. Hún hefur safnað í reynslu sína ferðalögum til fjölmargra landa heims. Saga Oddnýjar af ferðum hennar um heiminn er forvitnileg en hún vann í 14 ár við umönnun á Hjúkrunarheimilinu í Seljahlíð og spyrjum hana fyrst hvernig þessi mikli ferðaáhugi hafi kviknað.

Ætli áhuginn á ferðalögum hafi ekki vaknað hjá mér þegar ég ferðaðist í fyrsta skipti í bíl þegar ég flutti úr Skagafirðinum á sveitabæ fyrir utan Akureyri, segir Oddný. Þar átti ég heima næstu árin ásamt foreldrum mínum og fimm systkinum, tvennum

tvíburum og yngri systur.

Það var mikið áfall þegar faðir minn lést í umferðarslysi stutt frá heimili okkar árið 1952 þegar ég var 16 ára. Upp frá því fór ég að vinna hjá Sælgæt-

Í sumar stóð Efling fyrir ferð til Búdapest í Ungverjalandi og það var alveg yndisleg ferð. Ég fékk tækifæri til að heimsækja Vín aftur eftir 44 ár og fór m.a. í Vínarskóg. Þá birtust mér aftur ljóslifandi, löngu horfnir atburði úr fyrri ferðinni. Það var alveg ólýsanleg tilfinning.

isgerðinni Lindu og færði mig svo yfir á netaverkstæði og vann við hnýtingar um tíma. Þá fór ég á síld og síðan lá leiðin í Húsmæðraskólann á Löngumýri í Skagafirði.

Ferðabakterían tekur sér bólfestu

Árið 1958 stóð ungmennafélagið fyrir skógræktarferð til Noregs og ákvað ég að skella mér með. Við gistum í Landbúnaðarháskóla rétt fyrir utan Bergen og skemmtum okkur konunglega í blíðskapar veðri. En það varð lítið úr gróðursetningu hjá okkur.

Ég vil meina að ferðabakterían hafi endanlega tekið sér bólfestu í mér í þessari ferð, segir Oddný, því að árið eftir ákvað ég að fara á Heimsmót Æskunnar í Vín í Austurríki. Ég fór til Reykjavíkur um vorið til að vinna fyrir farareyri og réð mig sem kokk í tvo mánuði á dýfkunarskipið Leó gamla hjá Björgun hf. Kaupið var gott og gerði mér mögulegt að kaupa gjaldeyri sem frændi minn útvegaði. Mamma saumaði vasa á brjóstarhaldaran minn og þar geymdi ég þennan dýrmæta fjársjóð minn.

Á Heimsmót æskunnar í Vín

Ferðin hófst um borð í Gullfossi sem sigldi með okkur til Kaupmannahafnar. Þaðan tókum við lest til Prag en daginn eftir stigum við upp í rútu og héldum

til Vínar og dvöldum í Vínarskógi næstu 10 daga ásamt miklum fjölda af ungu fólki sem kom víðsvegar að til að sækja mótið. Þarna voru ýmsar skemmtanir sem þjóðirnar stóðu fyrir. Fyrir hönd Íslands skemmtu Haukur Mortens og hljómsveit og nokkrir strákar sýndu glímu. Rússarnir voru með stórkostlega flugeldasýningu sem líður mér seint úr minni. Ég fór í óperuna og sá Svanavatnið eftir Tjækovski.

Í dínámtverksmiðju í Drammen

Árið 1962 ákváðum við þrjár vinkonur að fara til Noregs í atvinnuleit og fengum vinnu í gróðrastöð í Lier, rétt við Drammen stutt frá Osló. Vinnan var bæði erfið og leiðinleg en samt létum við okkur hafa það að vinna þarna í þrjá mánuði. Þegar ráðningartímanum lauk ákváðum við Stella vinkona mín sem heitir réttu nafni Kristín Jóhannesdóttir og er bóndakona á Gröf við Hvammstanga, að vera lengur og fengum vinnu í dínámtverksmiðju í Drammen við að pakka sprengjum. Unnið var á tvískiptum vöktum og á fyrri vaktinni þurftum við að vakna klukkan korter í fimm á morgnana og ganga langa leið þar sem bannað var að koma á bílum nálægt verksmiðjunni vegna sprengjuhættu.

Vinnuaðstaðan og allur aðbúnaður var mjög góður og gott áhættukaup fékkst fyrir vinnuna. Stundum spratt maður á fætur ef óvænt hljóð heyrðist, en það kom ekkert alvarlegt fyrir þann tíma sem við vorum þarna. Stuttu eftir að við hættum varð sprenging í verksmiðjunni og olli dauðsfalli.



Þessi mynd er frá Tansaníu. Þá fór ég að heimsækja dóttur mína og heimsækja gamlar slóðir í Tansaníu. Og dóttir mín bjó þarna í 2 ár og þetta eru vaktmennirnir sem vöktuðu húsið hennar. En samt var oft brotist inn hjá þeim og barnabörnin mín eru með okkur. Þetta er tekið 1998.

Þerna á Ranefjord

Eftir árs dvöl í Noregi langaði okkur að breyta til og fengum pláss sem þernur á vöruflutningaskipi sem hét Ranefjord. Það var 8600 tonn að stærð með

Þegar félagar okkar um borð sáu lítil skip sögðu þeir að þar væru Íslendingar á ferð.

40 manna áhöfn. Ég held að þá hafi stærsta íslenska skipið verið 3600 tonn. Þegar félagar okkar um borð sáu lítil skip sögðu þeir að þar væru Íslendingar á ferð. Mér er það mjög minnstætt þegar við komum að skipshlið og horfðum upp eftir þessu risafalli að okkur hraus næstum hugur við að þurfa að klifra upp landganginn með farang-

urinn. Fyrsti viðkomustaðurinn var Kaupmannahöfn. Þaðan sigldum við til Gautaborgar, næsti viðkomustaður var Lissabon í Portúgal. Áfram héldum við um Miðjarðarhafið, í gegnum Súeskurðinn og um Rauðahafið til Port-Súdan, Dubai í Saudi-Arabíu, Yemen og fleiri staða.

Hitinn var mjög mikill og reyndist okkur vinkonunum afskaplega erfiður.

Næsti áfangastaður var Mombasa í Kenýa. Þar var dvalið í þrjár vikur og gafst okkur góður tími til að fara í skoðunarferðir og heimsækja frábæra veitingastaði. Meðan á dvölinni stóð átti ég 27 ára afmæli og var haldin mikil veisla um borð í skipinu. Ég saumaði íslenska fánann og var honum flaggað að þessu tilefni. Þaðan fórum við til Zansibar og Tansaníu og enduðum svo í borginni Beira í Mósambík.

Dóttir í Dar Es Salam

Það vildi svo skemmtilega til að fjölskylda dóttur minnar bjó í Dar Es Salam í Tansaníu í tvö ár. Árið 1998 fór ég í heimsókn til þeirra í tvær vikur og fékk tækifæri til að fara á nokkra staði sem ég hafði komið til í fyrri ferðinni og rifjuðust þá upp margar skemmtilegar endurminningar. Árið 1963 skipti ég um skip hjá skipafélaginu og sigldi tvær ferðir til Ameríku með viðkomu í New York og Boston.

Í seinni ferðinni lentum við í fellibyl og gerði alveg snarvitlaust veður, en sem betur fer sluppum við skaðlaust til hafnar. Nú var ég eiginlega búin að fá nóg af siglingum í bili og ákvað að fara heim til Íslands.



Hér er ég um borð í Ranefjörð þegar við vorum í Kenýa og var send í bæinn að kaupa efni til að sauma íslenska fána sem var svo flaggað á afmælinu mínu.

Framhald á blaðsíðu 62



Byrjaði á námskeiðum - síðan í Grunnmenntaskólann

Stundar nú **nám** við **Kennaraháskólann**

- rætt við Helgu Ösp Jóhannsdóttur, leiðbeinanda
á leikskólanum Vesturborg

„Víða liggja námsleiðir...Þú ræður för.“ Þessi slagorð viku símenntunar eiga vel við Helgu Ösp Jóhannsdóttir, leiðbeinanda á leikskólanum Vesturborg sem nú stundar leikskólakennaranám við Kennaraháskóla Íslands. Aðspurð, sagðist hún ætla að mennta sig meira, bæði sín vegna og barnanna sem

hún kæmi til með að annast í framtíðinni. Ég hef verið mjög dugleg að fara á námskeið á vegum Leikskóla Reykjavíkur og það kveikti hjá mér áhugann að verða leikskólakennari. Ég sótti um í Kennaraháskólanum í fyrra en komst ekki að vegna þess að ég hafði eingöngu lokið 9. bekk grunnskóla, segir hún.

Ég vildi ekki láta þar við sitja og ákvað að leita að hentugu námi í kvöldskóla eða annars staðar og vera betur undirbúin, þegar ég legði aftur inn umsókn. Eftir nokkra eftirgrennsan rakst ég á umfjöllun um Grunnmenntaskólann á heimasíðu Eflingar og sá strax að námsgreinarnar sem þar voru kynntar hentuðu mjög vel í þetta ætlunarverk. Ég sótti um og fékk inngöngu í skólann um síðustu áramót og útskrifaðist í vor. Meðal námsgreina voru íslenska, enska,

„*Núna er draumur minn að rætast*“

tölvunám og svo keypti ég stærðfræðibók til að hafa með í skólann. Í sumar sótti ég svo aftur um að komast í leikskólakennaranámið og í þetta sinn lét ég ýmis gögn fylgja með þ.m.t. upplýsingar um námskeið á vegum Leikskóla Reykjavíkur sem ég sótti, meðmæli frá yfirmönnum mínum á leikskólanum og íslenskukennaranum í Grunnmenntaskólanum.

Árangurinn varð sá að núna er draumur minn að rætast. Eftir að hafa lent á biðlista, fékk ég bréf sent heim þar sem mér var tilkynnt að ég hefði fengið inngöngu í Kennaraháskóla Íslands. Ég varð afskaplega glöð við þessi tíðindi og vinnufélagar mínir, ásamt vinum og fjölskyldu tók líka þátt í gleðinni. Ég geri mér grein fyrir að þetta skref sem ég ætla að stíga er ansi stórt og ég get ekki neitað því að ég kvíði fyrir því sem er í vandum. En auðvitað fylgir því líka ákveðin tilhlökkun að takast á við ný verkefni, sagði Helga Ösp að lokum.

Efling-stéttarfélag

Viðtalstímar **lögmannna**

Minnt er á viðtalstíma lögfræðinga félagsins. Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason



Karl Ó. Karlsson



Lára V. Júlíusdóttir



Atli Gíslason

eða Karl Ó. Karlsson eru til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverjum þriðjudegi frá kl. 13.00 - 16.00. Lára V. Júlí-

usdóttir er til viðtals fyrir félagsmenn annan hvern miðvikudag frá kl. 14.00 – 16.00.

Ný Micra engri lík



Ingvar
Helgason

Sævarhöfða 2 • sími 525-8000 • ih@ih.is • www.ih.is



Félagsleg fræðsla í samvinnu við ASÍ

Hagfræði trúnaðarmanns og fjarnám

-segir Rannveig Einarsdóttir hjá ASÍ

Það verða nokkur sérhæfð framhaldsnámskeið í boði hjá fræðsludeild ASÍ í vetur og verður meðal annars boðið upp á Hagfræði trúnaðarmannsins fyrir trúnaðarmenn Eflingar. Í haust verðum við með fjarnám í framsetningu og meðferð texta fyrir talsmenn stéttarféлага sem trúnaðarmenn geta sótt en þetta er í fyrsta sinn sem gerð er tilraun með fjarnám fyrir trúnaðarmenn. Þessu til viðbótar verðum við með okkar hefðbundnu námskeið sem trúnaðarmenn þekkja vel, segir Rannveig Einarsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ í samtali við Fréttablað Eflingar.

Félagsleg fræðsla trúnaðarmanna er nú orðin hluti af starfi ASÍ og er hún í stöðugri þróun eins og annað starf að menntamálum. Það er mikilvægt að öll

fræðsla sé lifandi og hún leiðir auðvitað af sér stöðugar breytingar. Trúnaðarmannannámskeiðin verða áfram með hefðbundnum hætti hjá Eflingu þ.e. námskeið I og II sem eru í fimm daga hvort um sig ásamt því sem haldið verður áfram að bjóða styttri eins dags framhaldsnámskeið fyrir þá sem lokið hafa trúnaðarmannannámskeiðum I og II.

En á þörfina fyrir félagslega fræðslu eftir að aukast í framtíðinni?

Ég er sannfærð um að þörfin á félagslegri fræðslu muni aukast. Viðhorf til fræðslu hefur breyst mjög síðustu árin og er farið að líta á hana sem hluta af hverju starfi.

Í dag eru hraðar breytingar í samfélaginu og nauðsynlegt að vera vel upplýstur en nám og fræðsla er markviss

leið til að efla hæfni og þekkingu.

Til að talsmenn stéttarféлага nýti sér þá fræðslu sem er í boði verður að aðlaga námskeiðin að þörfum þeirra þannig að innihald, lengd, staðsetning og form námsins sé í samræmi við þarfir þeirra og tíma.

Ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja trúnaðarmenn og aðra talsmenn félaganna til að kynna sér þá félagslegu fræðslu sem í boði verður í vetur hjá okkur og vonast til að sjá sem flesta, segir Rannveig Einarsdóttir að lokum.

Hér fyrir neðan er gerð nánari grein fyrir þeim námskeiðum sem Efling stendur að fyrir trúnaðarmenn sína. Nánari upplýsingar má fá á skrifstofu Eflingar eða hjá fræðsludeild ASÍ. Skráning er hjá Eflingu - stéttarfélagi í síma 510-7500, eða með töluþósti efling@efling.is



starf og hlutverk trúnaðarmannsins samkvæmt lögum og samningum ásamt því sem farið er í starfsemi stéttarféлага, hlutverk þeirra og viðfangsefni.

Trúnaðarmannannámskeið II

Trúnaðarmannannámskeið II verður haldið þann 3. - 7. nóvember fyrir þá trúnaðarmenn sem hafa lokið trúnaðarmannannámskeiði I. Á þessu námskeiði er farið dýpra í starf verkalýðshreyfingarinnar ásamt því sem hagfræðihugtök eru skýrð og farið nánar í almennan vinnurétt og samskipti á vinnustað.

Þrjú framhaldsnámskeið fyrir trúnaðarmenn.

Efling hefur í nokkur ár þróað framhaldsnámskeið fyrir þá trúnaðarmenn sem hafa lokið trúnaðarmannannámskeiðum I og II. Þessi námskeið eru hugsuð sem dagsnámskeið og hvert þeirra tekur á ákveðnu efni sem sérfræðingar eru fengnir til að kenna.

Fyrsta framhaldsnámskeiðið verður á sviði hagfræði og nefnist *Hvað þýða hagfræðihugtök?* Farið verður í skilgreiningar á helstu hugtökum sem svo

Trúnaðarmannannámskeið I

Efling mun í haust standa að tveim trúnaðarmannannámskeiðum fyrir nýja trúnaðarmenn - Trúnaðarmannannám-

skeið I og II. Fyrsta námskeiðið verður haldið 13. - 17. okt. en það síðara 17. - 21. nóv. Á þessu námskeiði er farið í



Rannveig Einarsdóttir, galvösk við tölvuna að skipuleggja námskeið fyrir Eflingarfélaga

oft eru á sveimi í fjölmiðlum og í þjóðfélagsumræðunni.

Annað námskeiðið fjallar um lausn ágreinings á vinnustað. Hér er um að ræða vinsælt námskeið sem tekur á þeim vanda sem getur komið upp á vinnustað þegar upp kemur ágreiningur en oft má komast hjá því að slíkur ágreiningur stigmagnist.

Þriðja námskeiðið fyrir áramót verður um *lög og réttindi þungaðra kvenna* og lög um fæðingar- og foreldraorlof skýrð. Þessi lög hafa tekið miklum breytingum á undanförunum árum og hér gefst kærkomið tækifæri á að kynna sér það sem helst er nýjast í þessum lögum.

Tímasetningar þessara námskeiða eru nánar á bls. 20.

Fjarnám fyrir trúnaðarmenn - Þjálfun í framsetningu texta

Efling mun nú í fyrsta sinn bjóða uppá fjarnám fyrir trúnaðarmenn. Um er að ræða fjarnám í meðferð texta og algengar málvillur. Margir trúnaðarmenn þurfa að gera skriflega grein fyrir ýmsum málum sem upp koma á vinnustaðnum eða í starfi fyrir félagið. Í þessu

námi er kennd markviss framsetning í texta sem gerir trúnaðarmönnum auðveldara að gera grein fyrir sínu máli og koma hugsunum sínum á blað.

Þar sem um er að ræða fjarnám má segja að hver og einn trúnaðarmaður sé í einkakennslu því einu samskiptin eru á milli nemandans og kennarans. Það sem trúnaðarmenn þurfa að hafa er aðgangur að netinu og tölvupóstur.

Samningatækni fyrir samninga-nefnd félagsins.

Nú þegar styttest í að kjarasamningar renni út mun Efling standa að sérstökum *samningatækninámskeiðum* fyrir samninganefnd félagsins. Þar sem samningar á almennum markaði renna út um áramót verður byrjað á að bjóða námskeiðin fyrir þá samninganefnd. Í þessum námskeiðum verður farið í hagfræði tengda kjarasamningum, markmiðssetningu í kjarasamningum, verkskiptingu ásamt ábyrgð og upplýsingaflæði í kjarasamningum.

Einelti á vinnustað - vefnámskeið

Námskeiðið *Einelti á vinnustað* hefur þegar verið opnað. Námskeiðið er

Nýjung – tvö vefnámskeið hjá fræðsludeild ASÍ

- hægt að nálgast á vefsíðu Eflingar

Ein nýjung hjá fræðsludeild ASÍ eru svokölluð vefnámskeið. Hér er um að ræða texta og myndir sem hver og einn getur farið í gegnum og tekur hvert námskeið á ákveðnum þætti. Námskeiðin er hægt að nálgast á vefsíðu Eflingar - stéttarfélags, www.efling.is með því að fara á síðu fræðslumála. Á hægri jaðri er að finna hnapp fyrir viðkomandi námskeið.

opið öllum og er sérstaklega áhugavert fyrir þá sem þurfa að þekkja til þessara mála á vinnustað en einnig öllu starfsfólki sem vill vita meira um einelti. Einnig er námskeiðið hugsað sem sjálfstyrking fyrir þá sem verða fyrir einelti

og einnig þá sem horfa upp á einelti og vita ekki hvað þeir eiga að gera. Það sem fjallað er m.a. um á námskeiðinu er hvað er einelti, hvernig er lagt í einelti og hvaða áhrif hefur einelti á vinnustaðinn, andrúmsloftið og líðan starfsmanna. Slóðin inn á námskeiðið er www.efling.is og inná síðu fræðslumála.

Trúnaðarmaður samkvæmt lögum og kjarasamningum - vefnámskeið

Námskeiðið *Trúnaðarmaður samkvæmt lögum og samningum* verður opnað í byrjun október og er opið öllum. Á námskeiðinu verður fjallað um hvert starf trúnaðarmannsins er samkvæmt lögum og kjarasamningum. Markmið með námskeiðinu er að þátttakendur kunni skil á því sem trúnaðarmenn stéttarfélaga eiga og mega skipta sér af. Námskeiðið er bæði hugsað fyrir þá sem eru trúnaðarmenn en einnig verðandi trúnaðarmenn sem vilja kynna sér í hverju starf trúnaðarmannsins felst.

Félagsleg námskeið Eflingar í samvinnu við fræðsludeild ASÍ haustið 2003.

Öll námskeiðin eru haldin í fræðslusetri Eflingar að Setúni 1, 4. hæð.

Námskeið	Hvenær	Fyrir hverja
Trúnaðarmannanámskeið I	13.-17. okt. kl 9:00-16:00	Trúnaðarmenn
Trúnaðarmannanámskeið I	17.- 21. nóv. kl 9:00-16:00	Trúnaðarmenn
Trúnaðarmannanámskeið II	3.-7. nóv. kl 9:00-16:00	Trúnaðarm. sem hafa lokið námskeiði I
Trúnaðarm.námsk frh. - Hagfræði	30 sept. kl 9:00-16:00 (1 dagur)	Trúnaðarmenn sem hafa lokið námsk. I og II
Trúnaðarm. námsk. frh - Lausn ágreinings á vinnust.	28. okt. kl 9:00-16:00 (1 dagur)	Trúnaðarmenn sem hafa lokið námsk. I og II
Trúnaðarm. námsk. frh - Réttindi þungaðra kvenna og fæðingar/foreldraorlof	25. nóv. kl 9:00-16:00 (1 dagur)	Trúnaðarmenn sem hafa lokið námsk. I og II
Fjarnám í framsetn. og meðf. texta.	Allur veturinn - fjarnám	Alla trúnaðarmenn
Vefnám - einelti á vinnustað	Allur veturinn - vefnám	Alla félagsmenn Eflingar
Vefnám - trúnaðarmaðurinn skv. lögum og samningum	Allur veturinn - vefnám	Alla félagsmenn Eflingar
Samningatækni	Auglýst síðar	Samninganefnd félagsins

Nýtt 8 stunda trúnaðarmannanámskeið

Takt í tilveruna!

Samvinna Eflingar og Tryggingastofnunar ríkisins

Efling-stéttarfélag og Tryggingastofnun ríkisins hafa gengið frá samkomulagi um samstarf sem hefst með því að bjóða upp á nýtt 8 stunda námskeið fyrir alla trúnaðarmenn Eflingar – stéttarfélags. Námskeiðið er um breytt samfélag, vinnustaði og heimili, með tilkomu nýrrar tækni, aukins hraða, stöðugt vaxandi krafna og að því er virðist vaxandi tímaskorts. Leitast verður við að greina ástandið og hvaða afleiðingar það getur haft. Verkefnið heitir „Takt í tilveruna!“ með vísan til þess hve mikilvægt það er að finna sinn eigin tilverutakt sama hvað gengur á í vinnunni, á heimilinu og í samfélaginu öllu.

Það er Sigríður Lillý Baldursdóttir sem hefur umsjón með verkefninu fyrir hönd Tryggingastofnunar en ásamt henni mun Jóhann Ágúst Sigurðsson, prófessor í heimilislækningum, leiðbeina á námskeiðinu. Að sögn Sigríðar Lillý hefur stöðugt fjölgað í þeim hópi

sem hefur orðið að láta af störfum og fara á örorku löngu fyrir töku lífeyris. Mörgum sem lenda í þessari stöðu finnst þeir standa einir í baráttunni og fátt um úrræði. Þessu viljum við breyta.

Þegar fólk lendir í erfiðum sjúkdómum svo sem af völdum streitu þá eiga að vera úrræði sem standa fólki til boða. Við þurfum á fræðslu og þekkingu að halda bæði til þess að greina vandann og ekki síður til þess að geta orðið að liði. Við getum ekki setið aðgerðarlaus og það er afar mikilvægt að vera vel á verði og bregðst við strax og merki eru um að í óefni stefni. Að okkar mati og Eflingar er það mikilvægt að trúnaðarmenn stéttarfélaga séu meðvitaðir um þennan vanda og geti verið þeir aðilar sem komi upplýsingum áfram innan sinna vinnustaða. Með þessu móti vilja Tryggingastofnun og Efling - stéttarfélag stuðla að betri líðan launafólks til hagsbóta fyrir það og atvinnurekendur og á endanum fyrir samfélagið allt, segir Sigríður Lillý Baldursdóttir.



Sigríður Lillý Baldursdóttir

Fyrsta Takt í tilveruna! námskeiðið fyrir trúnaðarmenn verður haldið 25. og 30. september frá klukkan 13:00 - 17:00 (alls 8 klukkustundir) og verður kennslan í fræðslusetri Eflingar að Setúni 1, 4. hæð. Námskeiðin verða síðan áfram í vetur á þriðjudögum og fimmtudögum frá klukkan 13:00 - 17:00.

Nánari upplýsingar og skráning er hjá Eflingu - stéttarfélagi í síma 510-7500 eða með tölvupósti efling@efling.is



Gefðu þér tíma

Hversu oft hefur þú ekki áskað þér að þú gætir bætt svaðitlum aukna tíma í sálarringinn sem þú hefur bara fyrir þig. Það væri gott að sökkva sér í góða bók, fara í göngutúr með fjölskyldunni, taka 18 holur, eða bara slaka á.

Landsbankinn býður þér 3 einfaldar leiðir til að fækka þeim stundum sem fara í daglegt stress svo þú getir gefið þér meiri tíma til að gera eitthvað sem þér finnst skemmtilegt.

Varðan

Heildarfjármálaþjónusta með þarfir þinar að leiðarljósi.

Greiðsluþjónusta

Við borgum reikningana fyrir þig.

Einkabankinn

Öll þín bankaviðskipti á netinu þegar þér hentar.



Landsbankinn

Glampi í augum og góðar minningar

- í Skagafjarðarferð



Það var glaðlegur hópur Eflingarfélaga og gesta þeirra sem lagði af stað í góðu veðri áleiðis til Sauðárkróks 3. júlí s.l. Á leiðinni var skoðuð myllan á Hvammstanga, ekið fyrir Vatnsnes og

gengið niður að Hvítserk. Með í för voru Anna Soffía Óskarsdóttir leiðsögumaður, sem er hafsjór af fróðleik og Jónas Pálsson, bílstjórinn okkar, sem sagði okkur frá ýmsu úr sveitinni sinni,

Skagafirði. Hann spilaði jafnframt á harmonikku eitt kvöldið og var þá stiginn dans þar sem margir ferðafélaganna sýndu mikil tilþrif.

Ferðin var bæði skemmtileg og eftirminnileg og ekki spillti góða veðrið fyrir ánægjunni.

Margt skemmilegt var gert í ferðinni. Ekið var inn að Skatastöðum í Austurdal og horft heim að Merkigili. Ferðafélagarnir skoðuðu Víðimýrarkirkju og farið var með leiðsögn um Hóla. Flestir Íslendingar eru söguáhugamenn og fékk hópurinn eitthvað fyrir sinn snúð í Vesturfararsetrinu. Margir nýttu tækifærið og athuguðu með ættingja sem flust höfðu vestur um haf. Á Siglufirði var farið í Síldarminjasafnið og horft á leikþátt um síldarsöltun í uppfærslu leikfélagsins. Fengu sumir glampa í augu þegar minningar um veru á síldarplönunum skutu upp kollinum – og urðu ungir í annað sinn.

Sigt var um Skagafjörðinn með Eyjaskipum. Farið var í Málmei. Eftir siglinguna var farið í Ólafshús þar sem vertinn Ólafur grillaði fyrir okkur dýrindis kvöldverð. Að lokum var ekið um Skagaströnd og farið heim suður Kjöl í mjög góðu veðri.



Efling á ferð í Vín og Budapest

Austurríki kom á óvart!



Glaður hópur Eflingarfélaga lagði upp í ferð til Vínar og Budapest 4. júní frá Keflavíkurflugvelli. Hópurinn var 50 manns á öllum aldri. Ekið var frá Frankfurt til Passau á landamærum Þýskalands og Austurríkis. Það er falleg gömul borg á ármótum Dónár, Inn og Ísl. Frá Passau var ekið til Vínar með viðkomu í klaustrinu Melk sem er ægífögur bygging við Dóná.

Í Vínarborg var gist í þrjár nætur og dagarnir notaðir til að skoða Vín og nágrenni, fara í Haurigen og gönguferð um gömlu miðborgina sem heillaði fólk mjög. Setið var á dæmigerðum Vínarkaffihúsum og sumir óku um miðborgina í hestvögnum.

Frá Vín var ekið til Budapest og gist á Novotel í miðborg Buda megin. Hótel-ið var frábært og borgin falleg, ótal fallegar byggingar voru skoðaðar og ekið um fallegar gamlar brýr yfir Dóná en flestar þeirra voru eyðilagðar í heim-



stýrjöldinni síðari en endurbyggðar síðar. Budapest ber mikinn keim af austantjaldslöndum. Fallegar og tilkomumiklar byggingar víða en ekki fé til viðhalds auk þess sem auðsjáanlega er mikil fátækt í landinu.

Að sjálfsögðu var borðuð gúlassúpa að hætti Ungverja og handsaumuðu dúkarnir á markaðnum fengu margir nýja eigendur.

Frá Budapest var ekið til Gemunden í Austurríki og gist þar eina nótt í ægi-

fegurð Alpanna og ferðin endaði svo í Heidelberg í Þýskalandi. Gladur og ánægður hópur flaug svo heim 14. júní eftir ánægjulega og vel heppnaða ferð sem var Efling til sóma.



Há fjöll og **hrikaleg fegurð** Vestfjarða

Efling á söguviði Svartfugls

Um 70 manna hópur Eflingarfélaga lagði af stað um suðurhluta Vestfjarða 24.júlí s.l. Ekið var um Barðaströnd með viðkomu á hlunnindasýningu á Reykhólum þar sem æðavarpi og selveiðum voru vel gerð skil. Leiðin lá síðan að Breiðuvík þar sem stærsti hluti hópsins gisti en hluti hópsins gisti að Örlygshöfn.

Báðir þessir staðir bjóða upp á sérstakt útsýni yfir gular strandlengjur og há fjöll sem umgjörð.

Næsta dag lá leiðin á minjasafnið að Hnjóti og síðan var ekið til Bíldudals um Arnarfjörð að Selárdal þar sem listasafn Samúels var skoðað. Í bakaleiðinni var komið við á Tálknafirði og opnaði presturinn nýbyggða kirkju fyrir hópinn. Næsta dag lá leiðin á Rauðasand þar sem gengið var að Sjöundá og í húsatóftunum þar var fjallað um söguvið Svartfugls og þá ógæfu sem átti sér stað á bænum í upphafi nítjándu aldar. Stórkostlegt söguvið blasti við, sandurinn gullni alla leið að vestasta bjargi Íslands.

Þetta var ógleymanleg upplifun. Frá Rauðasandi var ekið á Látrabjarg með viðkomu í fjörunni við Látra þar sem gömul verstöð er sýnileg í fjörunni. Síðasta daginn var siglt með Baldri yfir

Breiðafjörð í logni og blíðu. Þar nutum við frábærrar fjölskyldunnar sem rekur gistipjónustuna í Breiðuvík.

Þessi ferð lifir lengi í minningu ferðafélaga.





14.31%

frá áramótum!

Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 2 fyrstu sex mánuði ársins var 14,31% og 11,97% hjá Framtíðarsýn 1.

Árleg meðalraunávöxtun séreignarsjóða Framsýnar var 9,59% síðustu 3 árin. Ávöxtun sjóðanna hefur verið góð þrátt fyrir miklar sveiflur á verðbréfamörkuðum síðustu ár.

Tryggðu þér meira ráðstöfunarfé á eftirlaunaárunum og byrjaðu strax að spara.

Nýttu þér framlag vinnuveitanda og ríkisins. Byggðu upp lífeyrissjóð sem:

Er fjármagnstekju- og eignarskattsfrið • Skerðir hvorki barna- né vaxtabætur • Er varinn gegn fjárnámi og gjaldþroti • Er þinn eigin sjóður og erfist við andlát.

Hrein nafnávöxtun tímabils

Framtíðarsýn 1	11,97%
Framtíðarsýn 2	14,31%

Hrein nafnávöxtun á ársgrundvelli

Framtíðarsýn 1	25,37%
Framtíðarsýn 2	30,66%

Hrein raunávöxtun á ársgrundvelli

Framtíðarsýn 1	22,19%
Framtíðarsýn 2	27,34%

Framsýni borgar sig



LÍFEYRISSJÓÐURINN FRAMSÝN

Skrifstofa sjóðsins er að Sætúni 1, sími: 515 4700, fax: 515 4701, heimasíða: www.framsyn.is, netfang: mottaka@framsyn.is.
Afgreiðslutími er 8.30 – 16.30. Yfir sumarmánuðina er afgreiðslutími kl. 8 – 16.



UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI FRAMSÝNAR

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Framsýnar og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknaryðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Framsýnar telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Framsýnar sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Framsýnar inn á séreignarneikning minn hjá sjóðnum.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifli umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er litið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Framsýnar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

☐ **Framtíðarsýn 1**

Skuldabréf 65%

Hlutabréf 35%

☐ **Framtíðarsýn 2**

Skuldabréf 80%

Hlutabréf 20%

Réttihafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Framsýnar

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Framsýnar, Sættún 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest þóssrit af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.

Orlofshús í vetur

Skemmtileg tilbreyting í tilveruna

- viðhorfskönnun meðal
félagsmanna um áherslur

Sá skemmtilegi kostur að geta dvalið í orlofshúsum yfir helgi eða jafnvel lengur yfir vetrartímann er alltaf að verða vinsælli. Í vetur eru í boði 45 glæsileg hús fyrir félagsmenn Eflingar sem flest eru í þægilegri fjarlægð frá Reykjavík. Öll eru þau vönduð heilsárshús og vel útbúin.

Nú er byrjað er að taka á móti bókunum á skrifstofu Eflingar og hafa félagsmenn 3 virka daga til að greiða leigu og ganga frá samningi eftir að bókað hefur verið. Hægt er bóka 6 mánuði fram í tímann en einungis er hægt að bóka 1 hús á hvern félagsmann. Þau takmörk eru sett til að sem flestir félagsmenn eigi þess kost að nýta sér húsin.



Að gefnu tilefni er nauðsynlegt að taka fram að félagsmönnum er óheimilt að lána öðrum viðkomandi hús. Þeir sem taka hús á leigu eru ábyrgir fyrir húsinu og ber þeim að sjá til þess að vel sé þrifið í lok dvalar og vel sé skilið við húsin að öllu leyti.

Nánari upplýsingar um húsin er hægt að nálgast á heimasíðu Eflingar stéttarfélags www.efling.is og smellt er á síðu orlofssjóðs.

Helgarleiga

miðast við fimmtudag til sunnudags eða föstudag til mánudags.

Tímabil vetrarleigu er frá 5. september 2003 - 1. maí 2004. Páskar eru undanskildir.

Vetrarleiga hefur ekki áhrif til frádráttar á punktastöfnun félagsmanna.

Hvert á ég að snúa mér?

Ef þið hafið áhuga á að fá orlofshús til leigu í vetur hafið þá vinsamlega samband í síma 510 7500.

Ölfusborgir og Illugastaðir.

Vakin er athygli á því að hús í Ölfusborgum, Illugastöðum og á Einarstöðum eru leigð beint af rekstrarfélögunum á staðnum. Sími í Ölfusborgum er 483 4260, opið virka daga 13.00-16.30 lokað á miðvikudögum, sími á Einarstöðum 471 1535 og sími á Illugastöðum er 462 6199. Aðrir bústaðir og íbúðir eru bókaðar í síma 510 7500.

Húsin í vetur

Eftirtalin orlofshús verða til útleigu fyrir félagsmenn í vetur:

		Verð vika	Helgi
Kirkjubæjarklaustur	3 hús	13.000 kr.	7.500 kr.
Akureyri	6 íbúðir	14.500 kr.	9.000 kr.
Svignaskarð í Borgarfirði (heitir pottar)	6 stór hús	14.500 kr.	9.000 kr.
Svignaskarð í Borgarfirði (heitir pottar)	7 lítil hús	13.000 kr.	7.500 kr.
Hvammur í Skorradal	1 hús	16.000 kr.	10.500 kr.
Húsafell í Borgarfirði (heitir pottar)	3 hús	14.500 kr.	9.000 kr.
Úthlíð í Biskupstungum (heitir pottar)	3 hús	14.500 kr.	9.000 kr.
Flúðir (heitur pottur)	1 hús	14.500 kr.	9.000 kr.

Bein leiga hjá umsjónarmanni á staðnum

Illugastaðir	2 hús
Ölfusborgir (heitir pottar)	10 hús
Einarstaðir	3 hús



HILDUR ARNDÍS KJARTANSDÓTTIR

Fædd 25. desember 1936 - Dáin 27. ágúst 2003

Hildur Arndís Kjartansdóttir fyrrverandi varaformaður Iðju, félags verksmiðjufólks, lést 27. ágúst s.l.

Hún var fædd í Súgandafirði 25. desember 1936 og var því 66 ára þegar hún lést. Hún var dóttir Guðmundu Odds-dóttur iðnverkakonu og Kjartans Blöndal Eyþórssonar, verkamanns.

Hildur starfaði lengi við saumaskap og fataframleiðslu og vann um árabil hjá Sjóklæðagerðinni hf. sem framleiðir útvistarfatnað af mörgum gerðum. Árið 1986 hóf hún störf á skrifstofu Iðju, félags verksmiðjufólks. Hildur starfaði þar allt þar til að félagið sameinaðist Eflingu - stéttarfélagi og starfaði hún þar til dauðadags.

Árið 1983 var Hildur kosin í stjórn Iðju og átti sæti í stjórninni til ársins 2000 þegar félagið hætti sjálfstæðri starfsemi og sameinaðist Eflingu. Hún var meðstjórnandi í tvö ár, síðan ritari í eitt ár og eftir það varaformaður í fjórtán ár. Hún sat í stjórn Eflingar í tvö ár 2000 - 2002. Hún gengdi fleiri trúnaðarstörfum innan verkalýðshreyfingarinnar. Hildur var í stjórn Landssambands iðnverkfólks, ritari frá 1986 til 2000. Í stjórn Lífeyrissjóðs verksmiðjufólks 1987-1996. Í stjórn Menningar- og fræðslusambands alþýðu, vara og aðalmaður frá 1984-2000. Fulltrúi Iðju og síðar Eflingar á nokkrum þingum ASÍ. Einnig var hún fulltrúi á þing-

um Landssambands iðnverkfólks og ársfundum Starfsgreinasambandsins.

Þá tók Hildur þátt í öðru félagsstarfi. Hún söng um árabil í Trésmiðakórnum og var virk í félagslífinu sem tengdist því áhugamáli. Hún hafði gaman af að ferðast og hafði víða komið bæði innanlands og utan.

Hún var þægileg í daglegri umgengi, góður starfsmaður og ekki síður góður vinnufélagi og vinur.

Ég þakka Hildi fyrir yfir 20 ára samstarf og fyrir margar góðar stundir á þeim tíma.

Fjölskyldu hennar og öðrum ættingum votta ég fyllstu samúð.

Guðmundur Þ Jónsson

MÍMIR
SÍMENNTUN



Námskeið

á haustönn

2003

hefst

17. september

Sími: 588 72 22 • www.mimir.is

Starfsafl – fræðslusjóður Eflingar og atvinnurekenda

Gerbreyttir möguleikar til náms - en erum rétt að byrja

- segir Marianna Traustadóttir, verkefnastjóri

Starfsmenntasjóður Eflingar og atvinnurekenda - Starfsafl - var settur á með síðustu kjarasamningum árið 2000. Ásamt Eflingu eru Hlíf í Hafnarfirði og Verkslýðs- og sjómannafélag Keflavíkur aðilar að sjóðnum. Starfsemi sjóðsins mun samkvæmt samningum ljúka um næstu áramót þegar samningar eru lausir en forysta Eflingar og þeirra félaga sem eiga aðild að sjóðnum eru staðráðin í því að starfsemi sjóðsins haldi áfram með nýjum kjarasamningi.

Sjóðurinn hefur komið víða við á þessum þrem árum en það eru mörg verkefni framundan á sviði starfsmenntamáli fyrir Eflingarfélag. Fréttablað Eflingar tók Mariönnu Traustadóttur tali og forvitnaðist um starfið.

Á þeim tæpu þremur árum sem ég hef starfað sem verkefnastjóri Starfsafls hefur umsvif og starfsemi Starfsafls aukist verulega á milli ára. Í upphafi var markvisst stefnt að því að kynna félagsmönnum þeirra stéttarféлага sem aðild eiga að sjóðnum réttindi þeirra til endurgreiðslu á námi og/eða námskeiðskostnaði. Ég hef farið á tugi vinnustaðafundi og hitt hundruð félagsmenn Eflingar á síðastliðnum árum, sent trúnaðarmönnum bréf og mætt á félagsfundum.

Tækniþróun og samkeppni gera sífellt meiri kröfur til þekkingar og hæfni og það er staðföst skoðun okkar að það sé beinlínis nauðsynlegt að halda áfram að þróa og opna nýja möguleika og leiðir fyrir félagsmenn Eflingar til þess að afla sér þekkingar og fræðslu á nýj-

um sviðum. Þannig höfum við staðið að nýjum námsmöguleikum fyrir hafnarstarfsmenn, starfsmenn olíufélaganna, herbergisþernur á hótélum, starfsfólk við þjónustu á veitingahúsum, starfsfólk við ræstingar, öryggisverði og margt fleira. Enn höfum við aðeins tekið á hluta þeirra starfsgreina sem eru á félagssvæði Eflingar.

Launafólk í dag skiptir oft um störf á lífsleiðinni og það verður að gefa fólki kost á því að þróa sig áfram í starfi, vera tilbúið að takast á við ný verkefni og fylgjast með breytingum.

Öndvegisstyrkir

Þó mikil gróska hafi verið í þróun nýrra námsmöguleika á vegum Starfsafls hafa einstaklingsstyrkir einnig farið mjög vaxandi, en það eru styrkir sem eru greiddir til félagsmanna vegna náms að eigin vali s.s. tungumála eða tölvunáms eða almenns náms í öldungadeildum framhaldsskólanna. Sem dæmi um aukningu úthlutun einstaklingsstyrkja má geta þess að á fyrstu sjö mánuðum þessa árs hafa fleiri en allt árið 2002 fengið endurgreiðslustyrk.

Þrátt fyrir mikla kynningu á sjóðnum eru ennþá alltof margir sem hafa ekki

Ný Námsbraut - þjónustuliðanám

Störf ræstingarfólks fjölbreyttari

- segir Martha Árnadóttir verkefnisstjóri námsbrautarinnar

Hjá fræðsludeild Iðntæknistofnunar hefur á síðustu vikum verið unnið að undirbúningi Þjónustuliðanáms sem er nám fyrir starfsfólk í fagræstingum. Starfsheitið *þjónustuliði* er nýtt á Íslandi og lýsir vel þeim breytingum sem orðið hafa á störfum ræstinga- og hreingerningafólks á síðusta áratug. Dagleg störf þessa hóps eru orðin mun fjölbreyttari og meira krefjandi. Það er t.d. algengt að ýmis önnur þjónusta en þrif blandist inn í störf og má þar nefna undirbúning funda og símaþráttu í fyrirtækum og stofnunum. Stefnt að því að námsbrautin taki til starfa uppúr næstu áramót. Starfsmenntasjóður Eflingar styrkir verkefnið.

Martha Árnadóttir, verkefnastjóri segir, að hugmyndin að námsbrautinni hafi vaknað síðastliðið vor þegar nokkrir aðilar á þessu sviði hittust til skrafs og

ráðagera og nú sé unnið að undirbúningi námskeiða af fullum krafti. Víða er leitað fanga við undirbúninginn og m.a. fóru þær Martha, Marianna Traustadóttir hjá Starfsafl og Ingunn Þorsteinsdóttir hjá Eflingu til Danmerkur til að kynna sér hvernig Danir standa að svipuðu námi hjá sér. Einnig má nefna að Iðntæknistofnun býr yfir mikilli fagþekkingu á þessu sviði.

Eftir heimkomuna byrjaði ég svo strax að vinna úr upplýsingum sem við höfðum aflað okkur og töldum að gætu nýst við námið ásamt því að skoða hvað er til og hvað hefur verið gert á þessu sviði hér heima. Ég tel að núna sé kominn nokkuð fastmótuð hugmynd að helstu námsmarkmiðum. Ekki hefur verið ákveðið hvað námið verður langt en það verður byggt upp á einum þar sem grunnþekkingin er sérstök ein-



ing fyrir alla og síðan koma sérhæfðar einingar eins og þrif í matvælaíðnaði, sjúkrahúsum og íþróttamannvirkjum svo eitthvað nefnt. Námsfernið mun m.a. fjalla um skipulagningu starfsins, líkamsbeitingu, meðferð hreinsiefna, örverur og sýkla, síðfræði, samskiptatækni, umhverfis- og gæðamál og margt fleira.

Markmiðið er að námsbrautin útskrifi þjónustuliða með mun víðtækara starfssvið en ræstingarfólk hafði áður, sagði Martha að lokum.

nýtt sér þá möguleika sem Starfsafl veitir og vil ég hvetja félagsmenn Eflingar að kynna sér réttindi sín á skrifstofu Eflingar eða á heimasíðum Eflingar eða Starfsafls www.starfsafl.is og www.effling.is. Þá hefur verið ákveðið að auglýsa til umsóknar þrjá hundrað þúsund króna öndvegissstyrki til félagsmanna í félögum Flóabandalagsins. Styrkirnir eru ætlaðir félagsmönnum sem hafa verið í félaginu í þrjú ár eða lengur og hafa áhuga á að sækja sér kostnaðarsama símenntun.

Erlendir félagsmenn

Innan vébanda Starfsafls er stór hópur erlendra starfsmanna. Starfsafl hefur lagt ríka áherslu á starfstengda íslenskukennslu fyrir þennan hóp. Einnig hafa fyrirtæki sem hafa blandaða hópa íslenskra starfsmanna og erlendra haldið fjölmenningsnámskeið með dyggum stuðningi Starfsafls.

Samvinna

Ég hef lagt ríka áherslu á í starfi mínu að vera ekki að finna upp hjólið. Fræðslustofnanir atvinnulífsins s.s.



menntastofnanir iðnaðarins og Mímir - símenntun búa yfir mikilli fagþekkingu og er það ómetanlegt fyrir starfsemina að góð samvinna myndist með þeim og Starfsafl.

Framtíðin

Starfsafl er tilraunaverkefni, samið var í síðustu kjarasamningum um að gefa sjóðnum þriggja ára líftíma og síð-

an að endurskoða árangur starfsins. Ég held ég tali fyrir munn allra sem að verkefninu hafa komið þegar ég segi að það verður ekki aftur snúið. Starfsafl mun halda áfram, í hvaða formi er ennþá óráðið. Það eru ótalin verkefni sem bíða úrlausna og mun Starfsafl halda áfram að byggja upp símenntun, launafólki og fyrirtækjum til hagsbóta.

Dagskrá Leikmannaskólans vorið 2003

Hafðu samband og pantaðu námskeið.

Skrifstofa Leikmannaskólans
Biskupsstofu
Laugavegi 31
150 Reykjavík
s. 535 1500

netfang: frd@biskup.is

Frekari upplýsingar um námskeið og skráning má einnig finna á Netinu hjá www.kirkjan.is/leikmannaskoli

Við hlökkum til að heyra frá þér!

Viltu læra um lífið?

Postulasagan- Erindi hennar inn í samtímann
Umsjón: Sr. Örn Bárður Jónsson prestur
Laugardaga frá 4.-25. október - kl. 11.00-13.00

„Þótt ég fari um dimman dal“ – Sálmur 23 í sögu og samtið

Umsjón: Dr. Gunnlaugur A. Jónsson prófessor
Miðvikudaga frá 8. -29.október - kl. 18.00-20.00

Kristín trú og Búddismi
Umsjón: Þórhallur Heimisson
miðvikudaga frá 5.-19. nóv.- kl. 18.00-20.00

Að eiga aldraða foreldra
Umsjón: sr. Sigfinnur Þorleifsson og sr. Birgir Ásgeirsson sjúkráhusprestar
Þriðjudaga og fimmtudaga frá 4. – 13.nóvember - kl. 18.00-20.00

Konur eru konum bestar
Umsjón: sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir prestur
Mánudaga frá 3.-10. nóvember - kl. 19.00-22.00

Lestur, íhugun, iðkun
Umsjón: Sr. María Ágústsdóttir héraðsprestur
Miðvikudaga frá 1.október
til 19.nóvember - kl. 18.00-19.00





Nýmæli fyrir starfsmenn í byggingariðnaði

Námskrá fyrir sérhæfð störf í bígerð

Efling - stéttarfélag og Menntafélag byggingariðnaðarins eru um þessar mundir að vinna að sérstakri námsbraut fyrir starfsmenn í byggingariðnaði sem ekki hafa iðnpróf. Verkefninu er ætlað að greina þær þarfir sem starfsmenn og fyrirtæki í byggingariðnaði hafa til þekkingar og setja saman námsbraut sem verði aðgengileg á námskeiðsformi og hægt að stunda með vinnu.

Með þessari námsbraut eiga starfsmenn möguleika á að auka hæfni sína, hafa betra vald á starfi sínu og starfsumhverfi og auka þannig möguleika sína á vinnumarkaði til framtíðar.

Stefnt er að því að þessi námskeið verði hægt að meta formlega til námseininga á framhaldsskólastigi og fái þannig opinbera viðurkenningu.

Til að byrja með verður litið til nýframkvæmda og viðhaldsframkvæmda við húsbýggingar ásamt starfa við vega og jarðvegsframkvæmdir.

Nánari upplýsingar fást hjá Eflingu - stéttarfélagi í síma 510-7500 eða á tölvu-póstfangi efling@efling.is

Starfsafl og Efling í níu landa samstarf

Trúnaðarmenn í námsráðgjöf

Starfsafl og Efling-stéttarfélag hafa í samvinnu við aðila frá níu öðrum Evrópulöndum fengið 30 milljón króna styrk úr Leonarðó starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins til þess að þróa og koma á tilraunanámi fyrir trúnaðarmenn í starfs- og námsráðgjöf. Markmiðið er að fulltrúar fyrirtækja fái grundvallarþekkingu á námsráðgjöf til þess að geta leiðbeint samstarfsmönnum sem vilja sækja sérþekkingu og bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Verkefnið er unnið sem vefnám að hluta, þ.e. trúnaðarmenn sækja sér námsgögn og aðstoð á heimasíðu verkefnisins sem þeir aftur geta nýtt sér við að veita samstarfsmönnum sínum leiðsögn við að koma sér af stað í námi.



Þetta tilraunaverkefni kemur í framhaldi af verkefni sem Efling kom að á árunum 2001 og 2002 sem hafði það markmið að kynna og koma á faglegri námsráðgjöf úti á vinnustöðum í vinnutíma. Með þessu verkefni er ætlunin að stíga skrefi lengra og gera trúnaðarmenn og millistjórnendur sem þess óska hæfa til þess að veita grunn ráðgjöf - fyrstu ráðgjöf - til þeirra samstarfsmanna sinna sem hafa áhuga á að bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Í framhaldi af því geta þeir félagsmenn sem vilja síðan, sótt sér frekari ráðgjöf hjá námsráðgjöfum á vegum Eflingar og Starfsafls.

Boðið verður uppá 100 stunda nám sem getur tekið yfir allt að 9 mánuði. Í þessu námi verður trúnaðarmönnum veitt leiðsögn og gefin dæmi um það hvernig rétt sé að bera sig að við að veita samstarfsmönnum ráðgjöf um nám ásamt því sem leiðir og aðferðir til að hvetja aðra til að hefja nám eru kynntar.

Verkefninu verður stjórnað frá Íslandi af Starfsafl og Eflingu en samstarfsaðilar koma frá Noregi, Skotlandi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Ítalíu, Spáni, Lúxemborg og Tékklandi.



FULLORÐINSFRÆÐSLA **Morgun-, síðdegis- og kvöldnámskeið**

PRÓFADEILD - ÖLDUNGADEILD

Grunnskólastig: (íslenska, danska, enska, stærðfræði) - grunnnám, fornám -
upprifjun og undirbúningur fyrir framhaldsskólanám.

Framhaldsskólastig: sjúkraliða-, nudd- og félagsliðanám. Almennur kjarni fyrstu þriggja anna framhaldsskóla og sérgreinar á heilbrigðissviði. **Fjarnám** í sérgreinum á heilbrigðissviði. **Félagsliðanám** - brú fyrir stafsfólk í umönnun aldraðra og fatlaðra. Sérkennsla í lestri og ritun - viðtöl og einkatímar. **Íslenska:** aukinlestrarfærni, stafsetning og málfræði.

INNTRITUN: 27. ágúst - 3. september. Kennsla hefst 8. september

ALMENNIR FLOKKAR - FRÍSTUNDANÁM

Fjölbreytt tungumálanám: Byrjenda- og framhaldsflokkar. Norska, sænska, enska, þýska, hollenska, franska, ítalska, spænska, portúgalska, pólska, tékkneska, arabíska og tælenska.

Talflokkar og upprifjun í dönsku, sænsku, ensku, þýsku, spænsku og ítölsku fyrir þá sem hafa áður lært en lítið notað þessi tungumál. Daglegt mál og lestur bókmenntatexta.

Myndlist og handverk:

Fatasaumur, skrautskrift, glerlist, mósaík,

teikning og vatnslitamálan, olfumálun,
skopmyndateikning, prjón/ myndprjón/hekl.

og

trúarbrögð

Önnur námskeið:

Fjármál heimilanna - leiðin til velgengni,

Matreiðsla fyrir karlmenn - byrjendur,
Matreiðsla sjávarréttar - framhald, skokk,
húsgagnaviðgerðir - viðgerðir á gömlum-

antikhúsgögnum, ritun ævisögu,

heims, ofl.

Námskeið fyrir börn og unglinga:

Norska, sænska, danska fyrir 7-11 ára, til að viðhalda kunnáttu þeirra í málunum.

Spænska fyrir 7-13 ára, byrjenda- og framhaldsnámskeið.

Aðstoðarkennsla í stærðfræði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk grunnskóla.

INNTRITUN: 10.-18. september kl. 09 -21. Kennsla hefst 22. september.

Íslenska fyrir útlendinga

Morgun-, síðdegis- og kvöldkennsla fyrir byrjendur og lengra komna (stig 1-5).

Íslenska talflokkar og ritun.

INNTRITUN: 17.-25. september kl. 09-21. Kennsla hefst 29. september.

Innritun fer fram í Miðbæjarskóla, Fríkirkjuvegi 1.

Upplýsingar í síma 551 2992

Netfang: nfr@namsflokkar.is Vefsíða: www.namsflokkar.is

Kennt er í Miðbæjarskólanum og í Mjódd, Þönglabakka 4.

SVO LENGI LÆRIR SEM LIFIR



Starfsnám fyrir Eflingarfélagi á veitingastöðum

- Þjónusta og sala á veitingahúsum

Starfsafl og Efling - stéttarfélag í samvinnu við Fræðsluráð hótél- og matvælagreina standa að námskeiðum fyrir aðstoðarfólk við framreiðslu á veitingahúsum. Þetta eru markviss þriggja klukkustunda námskeið þar sem áhersla er á grunnþætti þjónustu og sölumennsku auk faglegar framkomu og snyrtimennsku. Námskeiðin fara fram í fræðslustofnuninni Sæmundur Fróði sem hefur aðsetur í Hótél- og matvælasólanum í Kópavogi.

Félagsmenn Eflingar sem vinna við framreiðslu á veitingastöðum gefst kostur á að sækja þetta námskeið sér að kostnaðarlausu.

Félagsmenn Eflingar við störf á veitingastöðum eru hvattir til að kynna sér möguleika sína varðandi starfstengd námskeið hjá Fræðsluráði hótél- og matvælagreina og á sama tíma rétt sinn til endurgreiðslu hjá Starfsafl.

Nánari upplýsingar fást á heimasíðu Fræðsluráðs hótél- og matvælagreina www.fhm.is og á skrifstofunni í síma: 580-5254. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá Starfsafl í síma 510-7543 eða netfangi starfsafl@starfsafl.is

Kynning

Grunnnám fyrir starfsfólk í matvælagreinum

- viðhorfskönnun meðal félagsmanna um áherslur

Starfsafl og Efling stéttarfélag vinna að þróun og kynningu á grunnnámskeiðum fyrir starfsfólk í matvælagreinum í samvinnu við Fræðsluráð hótél- og matvælagreina.

Þetta er 4-5 klukkustunda grunnnámskeið í meðferð matvæla, vexti örvera í matvælum o.fl. Námskeiðið er byggt þannig upp að auðvelt er að byggja ofan á grunninn með fram-

haldsnámskeiðum eftir þörfum starfsfólks og fyrirtækja.

Félagsmenn Eflingar stéttarfélags sem vinna í matvælaíðnaðinum eru hvattir til að fylgjast með framgangi mála og hvetja trúnaðarmenn og aðra tengla innan fyrirtækjanna að sjá til þess að námskeiðið komi á ykkar vinnustað.

Reykjavíkurborg

Efling og Umhverfis- og tækni-svið undirbúa námskeið

Í samræmi við ákvæði kjarasamninga Eflingar og Reykjavíkurborgar hefur nú verið sett upp námskeiðsnefnd Eflingar og Umhverfi- og tækni-sviða borgarinnar. Undir Umhverfis- og tækni-svið heyrir m.a. gatnamála-stofa og umhverfis- og heilbrigðisstofa þar sem Eflingarfélagar eru fjölmargir.

Í námskeiðsnefndinni eru f.h. Eflingar Garðar Vilhjálmsson, fræðslustjóri Eflingar og Ragnar Ólason aðaltrúnaðarmaður Eflingar hjá borginni; fulltrúar frá Umhverfis-tækni-sviði borgarinnar eru Guðbjartur Sigfússon yfirverkfræðingur hjá gatnamálastofu, Guðmundur Friðriksson yfirmaður sorphirðu, Þórólfur Jónsson frá Garðyrkjudeild og Theodór Guðfinnsson frá Gatnamála-stofu.

Stefnt verður að þarfa-greiningu og könnun meðal einstakra stofnanna strax í haust og vonandi verður farið af stað með fyrstu námskeiðin síðar í haust eða strax eftir áramót.

Samningsbundin námskeið

Elstu nám- skeiðin eru **25 ára** í haust

Námskeið fyrir starfsmenn á leikskólum verða haldin eftir áramót og verða auglýst sérstaklega og einnig kynnt í námsvísi Leikskóla Reykjavíkur. Stefnt er að námskeiði í lok mars og í byrjun maí.

Námskeið fyrir starfsmenn í umönnun verða kynnt með útsendri auglýsingu í byrjun september.

Námskeið fyrir eldhús, ræstingu og bítibúr verða kynnt í útsendri auglýsingu í byrjun september.

Tilkynnt verður um önnur námskeið s.s. fyrir heimaþjónustu á næstu vikum.



Myndlistaskólinn í Reykjavík

Haustönn 2003 sjá www.myndlistaskolinn.is

Barna- og unglinganámskeið og fjölbreytt nám á námskeiðum fyrir alla aldurshópa: Grundvallarnám í teikningu, málun, mótun, keramik ásamt fjölbreyttum námskeiðum fyrir lengra komna.

Fornámsdeild:

40 eininga undirbúningsnám í dagskóla fyrir nám á háskólastigi

Skrifstofan opin mán.- fim. 14 -18 og fös. 14 -17 • Sími 551 1990

Hringbraut 121 • 107 Reykjavík

MYNDLISTASKÓLINN

Í R E Y K J A V Í K



Vika símenntunar framundan

Símenntun á hvers manns vörum

- segir Gyða Dröfn Tryggvadóttir

Dagskrá Viku símenntunar er fjölbreytt og skemmileg að vanda og má þar nefna sérstakan símenntunardag í fyrirtækjum, málþing um símenntun og árlega afhendingu starfsmenntaverðlaunanna auk þess sem sérblaði um símenntun verður dreift með Morgunblaðinu í tilefni átaksins, segir

Gyða Dröfn Tryggvadóttir verkefnisstjóri Viku símenntunar sem haldin verður dagana 7. –13. september.

Dagskráin tekur alltaf einhverjum breytingum frá ári til árs sem helgast ekki síst af þema vikunnar. Nú er áherslan lögð á *fjarnám og óhefðbundnar leiðir til náms* þótt einnig

verði lögð áhersla á almenna hvatningu og kynningu á mikilvægi símenntunar fyrir almenning.

Sérstakt málþing verður helgað þemanu og að þessu sinni verður aðalfyrirlesarinn Dr. Gilly Salmon sem kennir m.a. við Open University í Bretlandi. Hún hefur viðtæka reynslu af fjarnámi og sendi í fyrra frá sér bók þar sem hún fjallar m.a. um þær breyttu kröfur um nýjar aðferðir og færni sem fjarnám gerir til kennara.

Sunnudaginn 7. september verður í fyrsta sinn af þessu tilefni dreift sérblaði um símenntun með Morgunblaðinu sem verður helgað efni vikunnar. Þar verða m.a. greinar um símenntun og kynningar á námsframboði fyrir almenning, sem sífellt verður fjölbreytt-

Símenntunardagur í fyrirtækjum verður fimmtudaginn 11. september en dagurinn hefur verið að festa sig í sessi

ara. Símenntunardagur í fyrirtækjum verður fimmtudaginn 11. september en dagurinn hefur verið að festa sig í sessi og er vitað til þess að mörg fyrirtæki tilcinka þennan dag fræðslumálum starfsmanna og nýta daginn til að halda námskeið eða kynna símenntunarmöguleika fyrir starfsmönnum. Forseti Íslands mun svo afhenda Starfsmenntaverðlaunin fyrir árið 2003 föstudaginn 12. september en þau eru veitt þeim sem eru að vinna framúrskarandi starf í starfsmenntamálum, hvort sem um er að ræða fyrirtæki, fræðslustofnanir eða framlag einstaklinga eða verkefna.

Fyrir utan allt þetta verður í boði fjölbreytt dagskrá um allt land.

Vika símenntunar er haldin á vegum menntamálaráðuneytisins en Mennt – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla sér um skipulagningu og framkvæmd hennar í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar um land allt. Vikan tengist svipuðum viðburðum sem haldnir eru um alla Evrópu til að hvetja fólk til að afsla sér menntunar og fræðslu alla ævi.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Viku símenntunar en slóðin er: www.mennt.net/simenntun

Starfsmenntasjóðir Eflingar-stéttarfélags



Það getur verið erfitt að kenna gömlum hundi að sitja!

- en mannfólkið getur alltaf bætt við sig þekkingu

Fræðslumál félagsmanna Eflingar eru mikilvægur og vaxandi þáttur í starfsemi Eflingar - stéttarfélags. Félagið, og fræðslusjóðir sem það ó aðild að, styrkir félagsmenn fjárhagslega til að sækja sér starfsmenntun, almenna menntun og tómstundadám að eigin vali.

Einnig skipuleggur félagið nýja fræðslumöguleika fyrir starfsgreinahópa og stendur reglulega að náms- og fræðsluráðgjöf fyrir félagsmenn sína.

Efling - stéttarfélag stendur að auki fyrir margs konar félagslegum námskeiðum, bæði fyrir trúnaðarmenn og almenna félagsmenn.

- Hafðu samband og athugaðu hvað Efling getur gert fyrir þig í fræðslumálum.




Stendur með þér!

Tölvunámskeið á kr 4.400.-

Aldrei of seint að læra á tölvuna

Efling og TV í samstarfi áfram




**VINNUMIÐLUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**

Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími: 515 4850
fax: 588 2587, netfang: vinnumidlun.hb@svm.is

Vinnumiðlun, ráðgjöf og
atvinnuleysissskráning fyrir íbúa
í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði,
Bessastaðahreppi, Garðabæ,
Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjós.

Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15.30
Einnig eru veittar upplýsingar í síma.

Efling-stéttarfélag og Tölvu- og verkfræðipjónustan að Grensásvegi 16 halda í vetur áfram samstarfi um bestu kjör í tölvunámi fyrir Eflingarfélagi. Tölvu- og verkfræðipjónustan býður upp á nám í öllum helstu tölvuforritum en einnig grunnnámskeið fyrir þá sem eru að kynna tölvunni í fyrsta sinn - það er aldrei of seint.

Samkomulag Eflingar og TV felur í sér allt að 15% afslátt frá listaverði en Eflingarfélagar geta einnig fyllt út umsókn um endurgreiðslu frá fræðslusjóðum Eflingar í skólanum og skólinn kemur umsókninni ásamt reikningi og ljósriti af viðurkenningu til Eflingar. Fræðslusjóðir Eflingar endurgreiða 75% af kostnaði við námskeiðin (að ákveðnu hámarki). Þetta þýðir sem dæmi að fyrir námskeið á borð við grunnnámskeið fyrir byrjendur í Windows, Word og Excel sem kostar samkvæmt listaverði um 21.000, greiðir Eflingarfélagi um 17.800 og getur fengið endurgreitt rúmlega 13.000 frá starfsmenntasjóði Eflingar, eftir stendur greiðsla uppá um 4.400 krónur sem Eflingarfélagar þurfa að greiða.

Nú er bara að skella sér á námskeið - upplýsingar um námskeið í boði má fá hjá Tölvu- og verkfræðipjónustunni í síma 520-9009 eða á heimasíðu þeirra www.tv.is.

Vetrarstarfið hafið

Vinnustaðafundir framundan

Vinnustaðafundir verða haldnir í haust og vetur eins og á undanförunum árum. Fundirnir hafa verið vel sóttir af starfsmönnum í þeim 40 fyrirtækjum þar sem fundir hafa verið haldnir. Umræðuefnin í vetur munu væntanlega taka meira mið af kjara- og atvinnumálum þar sem samningar eru lausir um næstu áramót. Þá hafa fræðslu- og félagsmálin einnig fengið góðan tíma á þessum fundum.

Fundirnir verða boðaðir með góðum fyrirvara í samráði við trúnaðarmenn og stjórnendur á viðkomandi vinnustað.

Trúnaðarmenn eru beðnir um og hvattir til að hafa samband við skrifstofu félagsins og koma á framfæri óskum um fund, en það er Guðmundur Þ Jónsson sem sér um skipulag fundanna og eru trúnaðarmenn og aðrir sem vilja hafa frumkvæði að fundum beðnir um að hafa samband við hann.



Eflingarfélagar standa sig við vel

Frábær árangur í félagsliðanámi

Í maí í vor luku um 50 manns fyrstu önninni í félagsliðanáminu sem Félagsþjónustan og Efling-stéttarfélag buðu upp á síðastliðinn vetur. Námsárangur var mjög góður.

Þetta nám er á framhaldsskólastigi og fengu nemendur metið fyrra nám og starfsreynslu þannig að námið stýttist verulega. Þessi stóri hópur var í námi í tveimur hópum einu sinni í viku með vinnu. Í maí voru svo fyrstu prófin tekin og var eftir því tekið hve árangur hópsins var frábær.

Námið fer fram hjá Námsflokki Reykjavíkur og voru nemendurnir afar áhugasamir og með mikla reynslu sem nýttist vel í náminu. Einkunnir nemenda voru glæsilegar. Í félagsfræði var meðaleinkunin 8,3 í sálfræði 8,0 í aðstoð og umönnun 8,2 og í heilbrigðisfræði 9,4. Við óskum þessum hóp velfarnaðar á næsta misseri. Og geri aðrir betur!!!!!!



Námsflokkar Hafnarfjarðar Miðstöð símenntunar

Haustönn 2003

Fjölbreytt og gagnlegt nám

- Tungumál. Handverks- og listgreinar.
 - Íslenskunám fyrir útlendinga.
 - Tölvunám. Bókhalð og rekstur.
 - Ýmis frístundanámskeið.
 - Starfsnám og starfstengd námskeið.
 - Sérsmíðin námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir.
 - Námsaðstoð fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla.
 - Framhaldsskólanám-prófaáfangar í samvinnu við Flensborgarskóla.
 - Fjarnám í samstarfi við Háskólann á Akureyri.
- Innritun á haustönn 2003 fer fram 15.-18. sept. kl. 13-19 á skrifstofu Námsflokka, v/Skólabraut, (gamla Lækjarskólahúsið) þar sem allar nánari uppl. eru veittar.

Sími 585-5860. Vefslóð: www.namsflokkar.hafnarfjordur.is



Góður árangur hjá Janusi Endurhæfingu

Hvatning á starf okkar

- segir Kristín Siggeirsdóttir, framkvæmdastjóri

Ég held að þetta verði að teljast mjög góður árangur, á ekki lengri tíma og hlýtur að virka sem hvatning á okkur sem störfum hjá Janus Endurhæfingu og þá aðila sem við störfum fyrir. Þetta segir Kristín Siggeirsdóttir hjá Janus Endurhæfingu í viðtali Fréttablað Eflingar, en af 60 einstaklingum sem farið hafa í atvinnuendurhæfingu frá árinu 2000, hafa 15 náð þeim árangri að komast aftur í vinnu, einn er á vernduðum vinnustað og 8 eru í námi. Við spyrjum Kristínu nánar um Janus Endurhæfingu og þetta mikilvæga verkefni.

Janus Endurhæfing var stofnuð árið 2000 vegna skorts á atvinnuendurhæfingu fyrir þá sem lent höfðu í slysum, veikst eða af öðrum ástæðum, hurfu af vinnumarkaði eða hættu námi og voru á örorkubótum. Frumkvæðið kom upphaflega frá Sameinaða Lífeyris-sjóðnum. En síðan hafa fleiri lífeyris-sjóðir bæst í hópinn ásamt Tryggingastofnun ríkisins og Félagsþjónustunni í Reykjavík, segir Kristín Siggeirsdóttir, framkvæmdarstjóri.

Við gerum þjónustusamninga við þessa aðila og fleiri stofnanir og fáum þannig fjármuni í verkefnið. Starfið fer fram í Vörðuskóla þar sem kennd er m.a. heilsuefning og sjálfsstyrking. Við nýtum okkur einnig kennslu sem fram

fer í Iðnskólanum í Reykjavík í góðri samvinnu við menntamála og heilbrigðisráðuneytið.

Tveir endurhæfingarhringir eru í boði. Svokallaður Stóri hringur getur

tekið allt að hálfu ári til eins árs og miðast við þá sem hentar að nýta sér nám í endurhæfingunni og Litli hringurinn sem miðast frekar við þá sem hafa verið styttri tíma frá vinnu og þurfa ekki á námi að halda, en hafa þó möguleika á því í vissum tilfellum.

Þá erum við með fjármálaráðgjafa til að aðstoða fólk sem lendir í erfiðleikum, því að oft er það að byggja eða fjárfesta þegar ólánið dynur yfir og allt stefnir í vaskinn. Kristín segir ennfremur, að meginmarkmið Janusar-verkefnisins sé að að hjálpa þátttakendum til að komast aftur inn á vinnumarkaðinn eða stunda nám til að eiga bjarta framtíð þó tímabundið syrti í álinn vegna veikinda eða slysa.

Fram að síðustu áramótum hafa 60 einstaklingar byrjað í endurhæfingu og voru fimmtán komnir í vinnu aftur, einn í vinnu á vernduðum vinnustað og einn var í atvinnuleit. Átta einstaklingar stunduðu framhaldsnám og fjórir þurftu á öðrum úrræðum að halda. Samtals voru 18 í endurhæfingu og 24 áfram á örorkubótum.

Ég held að þetta verði að teljast mjög góður árangur á ekki lengri tíma og hlýtur að virka sem hvatning á okkur sem störfum hjá Janus Endurhæfingu og þá aðila sem við störfum fyrir, sagði Kristín að lokum.

Örn Arnþórsson hjá Framsýn

Ánægja með hvernig til hefur tekist

Það ríkir almenn ánægja hjá sjóðnum með það hvernig til hefur tekist hjá Janusi Endurhæfingu í þessu verkefni, segir Örn Arnþórsson, skrifstofustjóri Framsýnar.

Lífeyrissjóðurinn Framsýn hefur gert samninga við Janus endurhæfingu fyrir níu einstaklinga sem eru Eflingarfélagar og hafa fengið greiddan örorkulífeyrir. Af þessum einstaklingum eru tveir komnir í fulla vinnu, tveir eru í atvinnuleit, tveir eru í námi og nýverið hófu þrír einstaklingar þátttöku í þessu verkefni.

Við erum sérstaklega ánægð með hvernig til hefur tekist með atvinnuendurhæfingu hjá þeim sjóðsfélögum sem hefðu lokið henni. Yfir 2000 sjóðsfélagar fá greiddan örorkulífeyri núna og á síðasta ári námu þessar greiðslur nálægt 570 milljónum.



Þess vegna teljum við að það sé mjög mikilvægt hagsmunamál fyrir okkur, ef við getum sparað einhverja peninga og um leið hjálpað einstaklingum sem orðið hafa fyrir áfalli í lífinu, til að komast aftur inn á vinnumarkaðinn eða í nám og bæta þannig lífskjör sín í framtíðinni, sagði Örn.



Langtímalán SPRON

– gerir hugmyndir
þínar að veruleika

**Þjónustufulltrúar SPRON
veita allar nánari upplýsingar
um langtímalánin og reikna
út greiðsludreifingu þína
miðað við þínar forsendur**

Aðalsími SPRON
550 1200
Þjónustuver SPRON
550 1400

SPRON býður fasteignaveðtryggð lán sem veitt eru til langs tíma eða allt að 30 ára*. Með því að taka eitt stórt langtímalán og borga upp ýmis skammtímalán eða óhagstæðar skuldir er hægt að létta greiðslubyrðina verulega og koma þannig jafnvægi á fjármálin.

Langtímalán hentar þeim vel sem vilja:

- huga að fasteignakaupum
- byggja eða breyta
- greiða upp óhagstæð skammtímalán
- létta greiðslubyrðina
- endurskipuleggja fjárhaginn
- koma garðinum í stand
- klára eldhúsið eða baðið
- gera allt ofantalið og meira til...

*Útlán eru háð útlánareglum SPRON.

 **spron**

Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins

Ný tækifæri fyrir þá sem hafa minni menntun

- segir Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri



Um það bil 42% fólks á íslenskum vinnumarkaði hefur ekki lokið námi á framhaldsskólastigi. Þetta er mjög stór hópur og stærri en í flestum nágrannalöndum okkar. Meðal hlutverka Fræðslumiðstöðvarinnar er að bjóða þessu fólki fleiri og fjölbreyttari tækifæri til náms, segir Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir sem er nýráðin framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Mörg stór verkefni eru framundan hjá Fræðslumiðstöðinni og

sagði Ingibjörg Elsa frá því helsta í viðtali við Fréttablaðið.

Við teljum eitt meginmarkmið okkar að veita fólki á vinnumarkaði með litla

Leggjum áherslu á greiningu námsþarfa og námsráðgjöf fyrir launafólk

grunnmenntun, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Fræðslumiðstöðin mun samt ekki standa sjálf fyrir námskeiðahaldi, heldur vera samstarfsvettvangur og miðstöð fyrir undirbúning, þarfagreiningu, námskrárgerð, þjálfun kennara og náms- og starfsráðgjöf fyrir markhópinn óháð búsetu.

Hvað er þarfagreining?

Greining námsþarfa er það þegar reynt er að meta hvaða þekkingu og hæfni þarf innan fyrirtækis eða hjá atvinnugrein. Það er síðan borið saman við þá þekkingu og hæfni sem er til staðar. Í framhaldinu er þá hægt að bregðast við þörfinni með fræðslu, námskeiðum eða starfsþjálfun. Þarfagreiningin fer fram í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, sem vilja efla þekkingu og hæfni þeirra starfsmanna sinna, sem hafa litla grunnmenntun að baki.

Hvað er svo gert við þarfagreininguna?

Þegar fræðsluþarfir hafa verið greindar mun Fræðslumiðstöðin gera námskrár, sem lýsa innihaldi náms, markmiðum og aðferðum. Fræðsluaðilar geta síðan boðið upp á þessi námskeið. Fræðslumiðstöðin mun einnig vinna að því í samvinnu við menntamálaráðuneytið að fá þetta nám metið til eininga á framhaldsskólastigi.

Náms- og starfsráðgjöf

Mikilvægur liður í starfi Fræðslumiðstöðvarinnar verður að hvetja fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun til náms. Þetta er gert bæði með því að búa til ný námstækifæri og einnig með því að fá metið óformlegt nám og starfsreynslu einstaklinganna. Fræðslumiðstöðin mun vinna að því að byggja upp þekkingu á ráðgjöf fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði. Eitt af verkefnum verður að byggja upp námsferilskrár fyrir einstaklinga, þar sem þeir geta fylgst með námsframvindu sinni og mati á því námi og þeirri reynslu sem þeir hafa.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöðin var stofnuð um áramótin síðustu af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Fræðslumiðstöðin hefur það hlutverk að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kl. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0139-26-4700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

Hótel og Matvæðaskólinn býður
matartækni á styttri tíma

Mjög góð aðsókn

- segir Baldur Sæmundsson,
áfangastjóri

Í haust ætlar Hótel og matvæðaskólinn í Kópavogi að gefa þeim sem eru orðnir 25 ára og eldri og hafa starfað í mótuneytum í þrjú ár eða lengur, kost á því að fara í styttra nám í matartækni.

Baldur Sæmundsson áfangastjóri, segir að aðsókn að námsbrautinni hafi ekki verið nógu góð undanfarin ár. En með þessu framtaki sé reynt að bregðast við því og fjölga matartæknum og skapa þannig meira öryggi í mótuneytum sjúkrahúsa, skóla og á fleiri stöðum. Námið með þessum hætti hefur hlotið samþykki menntamálaráðuneytisins.

Styttingin á náminu felst í því að nemendur taka fagtengda áfanga í skólanum. En síðan verður bóklegt nám og nám sem fer fram á vinnustaðnum metið í hverju tilfalli. Þetta fyrirkomulag



Baldur Sæmundsson, áfangastjóri

**Ert þú starfandi í
mötuneyti? Viltu bæta
þekkingu þína?**

**Námsbraut sem útskrifar
matartækna og er fyrir
fólk sem hefur starfs-
reynslu í viðurkenndum
mötuneytum.**

getur stytt námstímann um allt að helming þannig að það er eftir miklu að sækjast. Aðsókn er mjög góð og varð strax uppselt á fyrstu önnina. Ég vil samt hvetja þá sem hafa áhuga að hafa samband við okkur sem fyrst og athuga hvaða möguleikar eru í boði. Ef vel tekst til með þessa breytingu, þá er vel hugsanlegt að námskrár í öllum matvæðagreinum verði endurskoðaðar með það í huga að bjóða upp á styttra nám, sagði Baldur að lokum.

Starfsmaður!
Gleymdist að kjósa öryggistrúnaðarmann
á þínum vinnustað?

- Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu starfa öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður.
- Þar sem vinna 50 manns eða fleiri skal starfa öryggisnefnd.
- Þar sem starfa færri en 10 manns annast atvinnurekandi eða verkstjóri vinnuverndarmál í samstarfi við starfsmenn og félagslegan trúnaðarmann.

Öryggistrúnaðarmaður!
Öryggisvörður!
Trúnaðarmaður stéttarfélags!
Verkstjóri! Stjórnandi!

Til að auðvelda ykkur ábyrgðarmikil
vinnuverndarstörf
heldur Vinnueftirlitið

NÁMSKEIÐ

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi
á vinnustað.
Leitið upplýsinga um næsta námskeið.



VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 - Fax 550 4610
vinnueftirlit@vir.is -
www.vinnueftirlit.is



Opnaðu þér ný tækifæri

Námsráðgjafi á þinn vinnustað í boði Eflingar!

- Hefur þig dreymt um að fara í tölvu-, tungumálanám eða iðnnám?? Tilvalið tækifæri til að ræða um leiðir til náms og möguleika í boði!!

Efling mun nú í haust halda áfram að bjóða námsráðgjöf úti á vinnustöðum. Byrjað var á þessu verkefni síðastliðinn vetur í ellefu fyrirtækjum. Við munum setja enn meiri kraft í þessa vinnu í vetur þar sem góður árangur hefur komið í ljós af þessu starfi, segir Garðar Vilhjálmsson, fræðslustjóri Eflingar. Verkefnið verður unnið í samvinnu Eflingar, Starfsafls og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, en félagsmálaráðuneytið hefur styrkt verkefnið með framlagi.

Til hvers námsráðgjafa?

Námsráðgjafi getur leiðbeint einstaklingum sem vilja skoða möguleika á að

bæta þekkingu og hæfni sína. Aukin menntun nýtist öllu launafólki hvort heldur það vill bæta stöðu sína innan núverandi fyrirtækis eða skoða nýja atvinnumöguleika.

Námsráðgjafar hafa yfirgripsmikla þekkingu á þeim námstilboðum sem standa til boða í samfélaginu. Þeir geta leiðbeint um hvar sé rétt að byrja og hvaða leiðir í námi henta hverjum og einum. Þá geta námsráðgjafar veitt upplýsingar um mögulegan fjárstuðning til menntunar. Ef þú hefur einhverja hugmynd um á hvaða sviði þú viljir bæta þig í þekkingu eða vilt bara almennt skoða hvaða leiðir eru færar fyrir fólk á vinnumarkaði að hefja nám

með vinnu, þá er tilvalið að byrja á að ræða það við námsráðgjafa.

Hvernig fæ ég námsráðgjafa á minn vinnustað?

Þú hefur samband við Eflingu - stéttarfélag og óskar eftir heimsókn námsráðgjafans. Við tökum niður nafn og vinnustað og höfum síðan samband og ákveðum sameiginlegan tíma. Æskilegast er að fá ráðgjafann í heimsókn í samvinnu við atvinnurekanda. Námsráðgjafinn kemur á kaffistofu fyrirtækisins t.d. í kringum kaffi eða matartíma og heldur stutta kynningu á námsráðgjöf. Eftir það getur hver og einn sest niður með honum og farið yfir sín mál. Ef atvinnurekandi samþykkir geta starfsmenn síðan skotist í 10 - 15 mínútur frá vinnu til að ræða við ráðgjafann. Munum að það er hagur bæði atvinnurekanda og launamanns að starfsmenn hafi möguleika á að bæta hæfni sína í starfi og öll menntun eykur hæfni einstaklingsins.

Allar nánari upplýsingar má fá hjá Eflingu í síma 510-7500 eða með tölvupósti efling@efling.is.

NÝTT

Engifer og Jalapeño
Graslaukur og steinselja
Sinnep og grænn pipar
Hvítlaukur



LÉTT SÓSUR

Nýjar og ferskar léttar sósur frá Salathúsinu



TILVALIÐ MEÐ ÖLLU KJÖTI & FISKI,
SEM ÍDÝFA Eða SEM SALATDRESSING.



Fulltrúar Eflingar, fylgjast með smíðavinnu Svavars Jónssonar, verkstjóra á trésmíðadeildinni.

Heimsókn í Fjölsmiðjuna í Kópavogi

Mjög **góður árangur** af starfi með ungu fólk

Árangur af starfi okkar hlýtur að teljast mjög góður, þar sem margt af þessu unga fólk hefur annað hvort snúið sér að námi af fullum krafti eða er komið til starfa í atvinnulífinu, sagði Þorbjörn Jensson, forstöðumaður Fjölsmiðjunnar í Kópavogi þegar forsvarsmenn Eflingar-stéttarfélags kynntu sér starfseminna á dögnum. Ljóst er að Þorbjörn og samstarfsfólk hans hefur unnið afar gott starf fyrir ungt fólk á krossgötum í lífinu. Markmið Fjölsmiðjunnar er að bjóða ungu fólk sem ekki hefði tekist að fóta sig á vinnumarkaði eða hætt námi, fjölþætta verkþjálfun og aðstoð við undirbúning fyrir frekara nám.

Þorbjörn sagði, að stór hópur ungmenna hefðu tekið þátt í verkefninu síðan í júní 2001 og þegar flest var hefðu 40 nemendur tekið þátt í verkefninu samtímis. Núna eru starfandi trésmíðadeild, hússtjórnar- og matreiðsludeild, tölvu- og prentdeild og bílaþvottadeild en í framtíðinni vonumst við að hægt verði að fjölga nemendum í 70 og einnig er stefnan að því að fjölga deildum.

Nemendur fá greidd laun í samræmi við vinnuframlag og ástundun og gert

er ráð fyrir að verkþjálfunin geti tekið um ár til eitt og hálft ár.

Árangur af starfi Fjölsmiðjunnar hlýtur að teljast mjög góður ef horft væri til þess hvað margir unglingar hefðu farið aftur í nám eða fengið störf við sitt hæfi eftir að hafa lokið þátttöku í verkefninu.

Hann sagðist vona að Fjölsmiðjan væri komin til að vera um ókomna framtíð, sagði Þorbjörn að lokum.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, sagði m.a. við þetta tækifæri að það væri mikil vilji fyrir því hjá félaginu að halda áfram stuðningi við Fjölsmiðjuna. Það væri t.d. hægt að hugsa sér að félagið keypti þjónustu hjá þeim til viðhaldsvinnu við orlofshús félagsins og ýmislegt fleira kæmi til greina. Þeim sem hafa áhuga á að styðja við bakið á starfssemi Fjölsmiðjunnar og nýta sér margþætta þjónustu sem þar er í boði geta fengið upplýsingar á heimasíðunni www.fjolsmidjan.is.



Sumargetraun Eflingar

Það var Gunnlaugur Þór Einarsson sem hlaut vinninginn í sumargetraun Eflingar

Reykjavíkurborg

Samkomulag um starfsmat



15. ágúst sl. var undirritað samkomulag um fyrirbyggjandi starfsmatskerfi, sem byggir á þýðingu og staðfæringu kerfisins miðað við aðstæður hjá Reykjavíkurborg. Um leið var samþykkt

að fela starfsmatsnefnd og starfsmatsráðgjöfum að hefja hið fyrsta mat á öllum störfum á samningssviði aðila, en aðilar að samkomulaginu eru Efling, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og

Kjarafélag Tæknifræðinga auk Reykjavíkurborgar.

Það heyrir til tíðinda að niðurstöður starfsmatsins verða birtar þegar þær liggja fyrir á vef borgarinnar.

Stutt starfsnám - ný tækifæri!

Einstaklingar og fyrirtæki!

Löntæknistofnun býður markvisst starfsnám á mörgum sviðum:

Rannsóknarnám: 150 stunda bóklegt og verklegt nám, ætlað starfandi og verðandi rannsóknarmönnum.

Umsjónarmenn fasteigna: 100 stunda nám og æfingar, ætlað starfandi og verðandi umsjónarmönnum fasteigna og húsvörðum.

Lagerstjórnun: 100 stunda nám, verkefnavinna og æfingar, ætlað starfandi og verðandi þjónustustjórum.

Umhverfisfulltrúi: 100 stunda nám, æfingar og verkefnavinna, fyrir starfsmenn sem ætlað er að hafa umsjón með umhverfismálum í smærri fyrirtækjum eða einingum fyrirtækja.

Stjórnun og rekstur mótuneyta: 100 stunda nám, sýnikennsla og verkefnavinna, ætlað starfandi og verðandi stjórnendum í eldhúsum og mótuneytum.

Ræstingastjórnun: 70 stunda nám, verkefni og æfingar, ætlað starfandi og verðandi ræstingastjórum.

Lagerstjórnun: 130 stunda fræðilegt nám með dæmum og hagnýtum verkefnum, ætlað starfsmönnum fyrirtækja sem vinna að nýsköpun og þróun vöru og þjónustu.

Vinnuvélstjórnun: 80 stunda bóklegt réttindanám, til undirbúnings verklegri þjálfun á vinnuvélar.

Verkstjórnarfræðslan: 100 stunda nám, með verkefnum og æfingum fyrir starfandi og verðandi verkstjóra.

Verkstjórn unglunga: 30 stunda nám með æfingum og dæmum, ætlað ungum verkstjórum í sumarskólum.

Rekstur gistiheimilis: 60 stunda nám með æfingum og verkefnum, ætlað starfandi og verðandi rekstraræðilum.

**NÁM
SKEIÐ**

Nánari upplýsingar í sínum 570 7100, 570 7289 og á vefsíðu okkar www.iti.is

ITI
Löntæknistofnun



Toppeinkunn hjá starfsmönnum eftir farsælt starf

Uppáhaldsrétturinn úr eldhúsinu heima

*- segir Valgerður N. Sveinsdóttur sem lætur af störfum
hjá Íslandsbanka*

Það er mikið ábyrgðarstarf að búa til mat fyrir 500 manns eða fleiri, fimm daga vikunar og eiga að gera sem flestum til geðs. Þetta hefur Valgerði Sveinsdóttur tekist með miklum ágætum fyrir starfsmenn Íslandsbanka síðastliðin 13 ár. Hún hóf störf hjá bankanum við ræstingar og afleysingar í mötuneyti, en tók svo við rekstri mötuneytis í útibúi bankans í Bankastræti. Þegar starfsemin fluttist inná Kirkjusand, tók hún við mötuneytinu þar og hefur skilað sínu dagsverki svo vel að eftir því er tekið. Valgerður er félagsmaður Eflingar og okkur langaði að ræða við hana um störf hennar á liðnum árum.

Valgerður segir, að hún sé afskaplega ánægð með að hafa fengið tækifæri til

að matreiða fyrir allt það góða fólki sem hefur borðað hjá henni í öll þessi ár. Þegar ég tók við mötuneytinu í Banka-

Fengum við glæsilega útkomu. Það var afskaplega ánægjulegt fyrir mig og samstarfsfólk mitt.

stræti, hafði eldri kona séð um rekstur þess um nokkurt skeið af miklum myndarskap. Það var þessvegna mikil hvatning fyrir mig að gera ennþá betur

eftir að ég fékk tækifæri til að vinna með henni um tíma.

Það hafa ekki orðið miklar breytingar varðandi sjálft starfið, en öll aðstaða við matargerðina hefur breyst gífurlega mikið og matseðlarnir eru mun fjölbreyttari í dag.

Aðstaðan var ekki stór í Bankastrætinu, en eftir að við fengum nýja eldavél með góðum ofni lét maður sig hafa það að vera með heitan mat tvo daga í viku fyrir 70 manns. Annars var aðalega, boðið upp á brauð og álegg en það var ekki mikið um grænmeti.

Núna er boðið upp á kalt borð þrisvar í viku með yfir 30 tegundir af allskonar góðgæti. Það er boðið upp á grænmeti, álegg, salöt, brauð, grafinn og reyktan lax og heita rétti eins og, pasta, kús kús, ýmsa pylsurétti, marinerað grænmeti súpu og fleira. Síðan erum við með heitan mat tvisvar í viku, oftast fiskrétt eða kjötrétt og desert í eftirrætt. Fyrir þá sem vilja ekki heitan mat höfum við brauð, skinku, ost og grænmeti.

Nýlega fórum við í gegnum skoðanakönnun hjá Gallup, þar sem starfsfólkinu var m.a. gefinn kostur á að gefa mötuneytinu einkunn og fengum við

Framhald á blaðsíðu 59

Með Leonardó til Köben

Heim með fulla tösku af upplýsingabæklingum

- segja Gunnhildur Gróa og Stefanía



Þær Gunnhildur Gróa Jónsdóttir og Stefanía Sigurðardóttir starfa sem félags- og heilbrigðisliðar á Elli- og hjúkrunarheimilinu Eir. Þær fóru í kynnisferð til Danmerkur í sumar á vegum Leónar-

dóverkefnisins. Eins og fram kemur í pistli þeirra hér á eftir var ferðin lær-dómsrík og áhugaverð. Við gefum þeim Gunnhildi Gróu og Stefaníu orðið.

Við vorum svo heppnar að komast í

námsferð til Danmerkur og kynnst starfsemi stofnana sem svipar til okkar vinnustaðar. Eftir góðan undirbúning hér heima komum við til Kaupmanna-hafnar 15. júní þar sem Frede Söndergaard, forstjóri, tók á móti okkur á flugvellingum. Hann ók með okkur um Amager og sýndi okkur staðhætti.

Daginn eftir komum við til fundar við Frede og hittum þá hinn forstjórnann Jette Andersen. Saman fórum við yfir óskir okkar, hvernig vikan ætti að vera og eftir að hafa skipst á skoðunum hófst dagskráin með kynnisferð.

Á Hörgarden eru þrjár fjögurra hæða blokkir sem eru tengdar saman með garði. Húsnæðið skiptist í hjúkrunardeildir, þjónustuíbúðir fyrir aldraða og ungt fatlað fólk, dagdeildarþjónustu, þvottahús og eldhús. Þarna eru eldaðar 700 máltíðir á dag, bæði fyrir íbúana sem þess óska og til útkeyrslu.

Á hjúkrunardeildinni sýndi deildarstjóri okkur það helsta sem þar var að sjá. Við urðum mjög undrandi þegar í ljós kom að hjúkrunarfræðingar starfa ekki á deildum og þeir sem starfa þarna eru annað hvort sjúkraliðar eða félags- og heilbrigðisliðar. Það kom okkur líka mjög á óvart að fólk reykti á öllum deildum og í matsal elliheimilisins. En að öðru leyti var aðstaða starfmanna á deildum til fyrirmyndar. Næsta dag skoðuðum við aðra hjúkrunardeild og þar kom ýmislegt fleira forvitnilegt fram

FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

Mennt er máttur

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk og starfsmenn fiskimjölsverksmiðja.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál, mannleg samskipti og umhverfismál.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum



**Starfsfræðslunefnd
fiskvinnslunnar**

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
Sími 560 9670 Fax 562 1853 netfang hulda@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda.

um starfsemina á Hörgarden.

Á þriðja degi skoðuðum við aðstöðuna hjá iðjuþjálfum og sjúkraþjálfum. Þar var frekar fámennnt því að hópur vistmanna var á ferðalagi um Jótland. Okkur var einnig tjáð að árlega færi hópur vistmanna til Túnis og starfsmenn sem færu með væru á fullum launum í ferðinni. Á fjórða degi fór Jette með okkur á annað hjúkrunarheimili sem var reist árið 1972. Þar voru 75 litlar íbúðir sem skiptust á 3 deildir og tvær íbúðir á jarðhæð fyrir alzheimerssjúklinga til að dvelja í á daginn.

Síðustu daga ferðarinnar notuðum við til að kynna okkur betur félagsstarfið á Hörgarden. Þá var okkur sagt frá nokkrum mjög sérstökum sýningum sem höfðu verið haldnar fyrir gamla fólkið. Þar má nefna sýningar á nýjum og gömlum brúðarkjólum, gömlum og nýtískulegum nærfatnaði, ýmsum gerðum af sólgleraugum, höttum og fleiri mjög sérkennilegu hlutum. Síðan heim-sóttum við hjúkrunarheimili fyrir mikið fatlað ungt fólk sem heitir Vibegarden. Vismennirnir hafa mikið frjálsræði. Þeir mega t.d. hafa næturgesti og fara einir í bæinn. Hver einstaklingur fær að lifa sínu eigin lífi í friði.

Pegar við kvöddum gestgjafa okkar,



spurðu þeir hvort við héldum að reynslan og þekkingin sem þeir vonuðu að við hefðu fengið í ferðinni, myndi breyta einhverju fyrir okkur. Það varð fátt um svör, en við komum heim með fulla tösku af upplýsingabæklingum og erum

tilbúnar að taka þátt í jákvæðum breytingum á okkar vinnustað.

Að lokum viljum við senda öllum sem gerðu okkur mögulegt að fara í þessa frábæru ferð bestu kveðjur og þökkum kærlega fyrir okkur.

Hefur þú áhuga á að fara í náms- og kynniferð með stuðningi frá Leonardó-áætluninni? Hafðu samband við Eflingu og kannaðu möguleikana.

Viltu heyra?



Pantaðu tíma í fría heyrnarmælingu



Heyrnartækni



Þjódum margar gerðir og verðflokka af heyrnartækjum

Stafræn forritanleg heyrnartækni sem gefa tæran hljóð án aukahljóða

Auðvelda talgreiningu við erfiðar hlustunaraðstæður

Sniðin að þinni heyrn og þörfum

Stilla sjálfvirktt hljóðstyrk og deyfa bakgrunnshávaða

Veita vörn gegn skyndilegum háværum hljóðum

Við þjónum þér:

Innifalið í verði er 2 ára ábyrgð, endurkomur og fínstillingar

Þjódum einnig viðvörunar- og hjálpartækni

Nánari upplýsingar:

Reykjavík: Glæsibæ, Álftheimum 74

Sími: 568 6880

Akureyri: Tryggvabraut 22

Sími: 893 3960

www.heyrnartaekni.is



Stærðfræðikennsla í leikskólanum Nóaborg

Börnin skemmta sér vel við talnaþrautir

- segir Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri

Það verður að teljast gott veganesti sem börnin í leikskólanum Nóaborg hafa þegar þau setjast á alvöru skólabekk, eftir að hafa fengið kennslu í stærðfræði frá tveggja ára aldri í leikskólanum. Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólastjóri segir að undirbúningur að kennslunni hafi byrjað þegar hún hóf störf á leikskólanum í mars 1997. Viðbrögð foreldra hafa verið mjög jákvæð og kennarar sem ég hef rætt við og hafa tekið við börnunum í grunnskóla eru mjög ánægðir með kunnáttu barnanna, segir hún.

Ég byrjaði að vinna með yngstu börnin en aðeins í skamman tíma. Um haustið fór ég að vinna með elstu börnunum og fór þá að velta fyrir mér hvernig ég ætti að haga starfinu. Ég skoðaði töluvert af efni sem grunnskólakennarar höfðu skilið eftir þegar þeir hættu störfum á leikskólanum og rakst m.a. á kubba sem heita rökkubbar. Þeir eru ólíkir í laginu og í misjöfnum litum. Leiðbeiningarbók fylgdi með og þegar ég fór að skoða hana datt mér í hug að það gæti verið sniðugt að búa til spil sem hefði sama tilgang og kubbarnir. Áður en yfir lauk hafði ég gert töluverðan fjölda af spilum og öðrum verkefnum sem ég kynnti fyrir börnunum.

Viðbrögðin létu ekki á sér standa og skemmtu börnin sér greinilega vel við að leysa þrautirnar og nú var ekki aftur snúið. Veturinn 1999-2000 fengum við

styrki frá Leikskólum Reykjavíkur og Menntamálaráðuneytinu til að þróa kennsluefnið ennfrekar og tóku börnin þátt í því af miklum áhuga. Okkur tókst

Eyrún Ingadóttir

Gaman að vinna í Stærðfræðileikskóla

Eyrún Ingadóttir, leiðbeinandi, hefur unnið á leikskólanum í 2 ár og kennir 3-4 ára börnum stærðfræði. Hún segir að skipulögð kennsla fari fram í hópvinnu, en að öðru leyti sé notast við ýmislegt úr umhverfinu og starfinu á leikskólanum. Börnin fá t.d. blöð og eiga að skrá niður hvað þau vildu fá eplið sitt skorið í marga bita. Þau nota mismunandi tákni til að koma vilja sínum á framfæri og var fjölbreytnin ótrúlega mikil. Á meðan sum skrifa tölustafi gera önnur hringi eða strik og allt er leyfilegt. Börnunum finnst afskaplega gaman að læra stærðfræðina og við reynum að gera verkefniin skemmtileg, segir hún.

Hún nefnir okkur dæmi um hvernig börnin nýta sér stærðfræðikennsluna. Tvær stelpur voru úti í garði í fyrrasumar og röðuðu steinum á spítu. Steinarnir voru jafn stórir og aðspurðar, sögðust þær ætla að athuga hvað væri hægt að koma mörgum steinum fyrir á spítunni.

að safna yfir 80 hugmyndum að verkefnum í hugmyndabanka og stærðfræðikennslan varð stór þáttur í starfinu á elstu deildinni, en byrjaði síðan smám saman að færast á yngri deildirnar líka.

Táknrænt fyrir leikskólann

Svíar hafa verið duglegir að vinna með stærðfræði í leikskólum enda skylt samkvæmt aðalnámsskrá. Ég ákvað að fara til Stokkhólms og skoða stærðfræðileikskóla. Strax eftir að ég kom heim var svo ákveðið að setja fullan þunga í kennsluna á yngri deildunum. Í fyrrasumar fóru starfsmenn Nóaborgar í námsferð á sama leikskóla og ég heim sótti. Í framhaldi af því fengum við styrk til að vinna að þróunarverkefni á yngri deildunum. Núna er stærðfræðikennslan orðið táknræn fyrir leikskólann og við gefum okkur út fyrir að vera stærðfræðileikskóli.

Viðbrögð foreldra eru mjög jákvæð og kennarar í grunnskólum sem við höfum samband við finna vel hvað okkar börn koma vel undirbúin og eiga auðvelt með að leysa ýmsar stærðfræðiþrautir. Börnin sem koma héðan eiga auðvelt með að leysa þrautir með tölustöfum, sem lagðar eru fyrir þau í upphafi skólastarfsins, sagði Anna að lokum.



Núna eru komnir 50 og það komast miklu fleiri.

Síðastliðið haust var okkur falið að búa til ný spil fyrir stærðfræðina og tókst mjög vel að virkja mannskapinn. Mörg ný spil litu dagsins ljós og eru notuð við kennsluna núna.

Ég var sjálf með börnin mín hér á leikskólanum áður en þau byrjuðu í grunnskóla og fann hvað þau voru fljót að aðlagast náminu. Mér finnst mjög gaman að vinna á stærðfræðileikskóla og ætla að halda því áfram um sinn, sagði Eyrún að lokum.



MCP: Microsoft Certified Professional
MMI: Microsoft Master Instructor
MOS: Microsoft Office Specialist
MBA: Master of Business Administration



Við bjóðum ykkur velkomin!

Hvergi meira **úrval** ^{*} tölvunámskeiða og tölvunáms

- **Grunn námskeið**
Tölvugrunnur
Fingrafótning • Tölvuvéiritun
Windows, Word og Excel
Windows, Word og Internetið
- **Stýrikerfi - grunnur**
Windows fyrir byrjendur
Þráðlaus netkerfi og heimanet
- **Access**
Access I - Gerð gagnagrunna
Access II - Fyrir reynda notendur
Access III - Forritun með VBA
Access IV - SQL gagnagrunnar
Access aðgangsrýggi og -stýringar
Access brögð og breiður
- **Word**
Word I - Ritvinnsla
Word II - Kraftmikil ritvinnsla
Eyðublið og töflur í Word
Vinnsla langra skjala í Word
Skjalatengingar og drefibréf í Word
- **Excel**
Excel I - Tölureiknir
Excel IIa - Fyrir reynda notendur
Excel IIb - Fjármál, bókhald & endursk.
Excel IIc - Tölfræði
Excel III - Fjölvar og forritun VBA
- **PowerPoint**
PowerPoint I - Glærur og kynningar
PowerPoint II - Hreyfimyndir & hljóð
- **Publisher**
Publisher - Útgáfa og bæklingar
- **Outlook**
Outlook - Póstur, dagbók og verk
Outlook Express - tölvupóstur
- **Internetið**
Internetið frá A til Ö
- **Vefsíðugerð**
Vefsíðugerð I - FrontPage
Vefsíðugerð II - FrontPage
DreamWeaver - Vefsíðugerð I
ASP vefforritun
HTML vefsíði
- **Verkefnastjórnun**
Verkefnastjórnun með MS Project
Project Central og forritun í Project
Prince 2 verkefnastjórnun
Mótun hugmynda og hugsana með tölvu:
Mind Manager
- **Teikning og myndgerð**
Visio - Viðskipta- og tækniteikning
Photoshop - Ljósmyndir og grafík
Photoshop II: Brögð og breiður
Freehand - Auglýsingar og myndir
Létt ljósmyndavinnsla með Photo Editor
- **FileMaker**
FileMaker I - Notkun gagnagrunna
FileMaker II - Forritun gagnagrunna
- **Netnám - MCP/MCSA**
Netumsjón MCP
Netumsjón MCP II
MCSA Netumsjón
Windows 2000/2003 Server MCP
Windows 2000 Professional MCP
Windows 2000 Server & Pro MCP
Windows XP Professional MCP
Windows 2000 Netw. Infrastr. Adm.
Managing a W2k Network env. MCP
Þráðlaus netkerfi og heimanet
A+ vélbúnaður og stýrikerfi
- **Linux**
Linux kerfisstjórnun
- **Aðhlíða tölvunám**
Kerfisfræði TV
Tölvuúmsjón - Aðhlíða tölvunám
Almennt tölvunám TÖK/MOS
Tölvunám til undirbúnings háskólanámi
- **Skrifstofu- og rekstrarnám**
Skrifstofu- og rekstrarnám
Stjórnun tölvumála
Aðhlíða tölvunotkun á skrifstofu
- **Nám fyrir konur**
Tölvuþekking fyrir konur
Tölvuþekking fyrir konur II
- **Langra vefsíðugerðarnám**
Vefsíði og vefhönnun
Vefsíðugerð grunnur
Vefsíðugerð grunnur + Photoshop
- **Forritunarnám**
Visual Basic forritun
Office forritun - VBA
- **Námskeið fyrir 7 - 16 ára**
Forritun fyrir 11-16 ára
Forritun II fyrir 11-16 ára
Helmasíðugerð með stæð
Stafræn ljósmyndavinnsla og
margmiðun
Tölvugrunnur, ritvinnsla, tölvupóstur og
Internetið
- **StarOffice**
StarOffice fyrir MS Office notendur
- **Sérnám og einkakennsla**
Sérnám og einkakennsla
- **Fjarnám í fjölda greina**

* Dáð eru öll námskeið kennd á tveimur mánasum.

Mikil reynsla

- Næri 29.000 nemendur frá upphafi
- 17 ára reynsla af námskeiðahaldi
- Allir leiðbeinendur með alþjóðlegar gráður
- Viðurkenndur einkaskóli og prófmiðstöð
- Starfsmenn vinna einnig við ráðgjöf
- 25% af tíma starfsmanna í símenntun

Frábær greiðslukjör

- 5% staðgreiðsluafsláttur
- Punktasótnun veitir aukinn afslátt
- 36 mánaða raðgreiðslusamningar
- 5 ára námslán
- Rannasamningsafsláttur til ríkisstarfsm
- Afsláttur til félaga VR, Eflingar og fleiri

Innifalinn þjónusta

- 30 daga ókeypis símaþjónusta
- Ókeypis fortilan námskeið
- Netklúbbur fyrir alla
- Frábær stundaskrárvefur
- Viðurkenningarskríteini og veitingar
- Fréttabréfið Tölvuvísir



**TÖLVU- OG
VERKFRÆÐISJÓNUSTAN**

Grensásvegi 16 - 108 Reykjavík - Sími 520 9000 - tv@tv.is - www.tv.is

Nánari upplýsingar í síma 520 9000 og á www.tv.is



Býr ljósmyndari í þér?

Námskeið á **kr. 4.450.-**

Í vetur verða í boði fjölbreytileg námskeið fyrir ljósmyndaáhugafólk á vegum ljósmyndari.is í Menningar- miðstöðinni Gerðubergi. Bæði verða helgarnámskeið og 8 vikna námskeið í ljósmyndun. Námskeiðin eru annars vegar fyrir eigendur stafrænna mynda- véla og hins vegar fyrir þá sem eiga venjulegar filmuvélar. Auk þess er í boði fjarnámskeið í ljósmyndun.

Á helgarnámskeiðum verður farið í að velja réttu tækin og meðferð þeirra. Farið verður í grunnatriði ljósmyndatækni, myndatökur og mynduppbyggingu. Kennt að nota myndavélina og alla fylgihluti. Auk þessa verður á námskeiði í stafrænum myndatökum út-

skýrð tæknileg hugtök. Þessi helgarnámskeið verða haldin í september, október og nóvember. Kennt verður laugardag og sunnudag frá kl. 13.00 til 17.00

Helgarnámskeiðin kosta 8.900 krónur fyrir félagsmenn Eflingar og félagsmenn geta síðan sótt um 50% styrk vegna tómstundanámskeiða til fræðslusjóðs Eflingar.

Á 8 vikna kvöldnámskeiðunum er annar hópurinn á mánudagskvöldum, en hinn á miðvikudagskvöldum. Kennt verður frá kl. 20 til 22, alls 16 klst. Þessi námskeið hefjast um miðjan september. Kennd verður m.a. myndataka, myndbygging, meðferð tækja og fleira. Farið verður í grunnatriði í myndatöku



og mynduppbyggingu. Kennt að nota myndavélina og fylgihlutina. Nemendur fá nokkur ljósmyndaverkefni til að glíma við. Ljósmyndastúdíó verður sett upp og nemendur fá að mynda módel. 8 vikna námskeiðin kosta 16.500 krónur fyrir félagsmenn Eflingar og félagsmenn geta síðan sótt um 50% styrk vegna tómstundanámskeiða til fræðslusjóðs Eflingar.

Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.ljosmyndari.is eða í síma 898-3911.

Þekkir þú þinn rétt?

Láttu **ekki** plata þig!

- Efling fer í kynningarátak með 10. bekkinga

Efling - stéttarfélag mun í haust dreifa kynningarbæklingi á alla 10. bekkni grunnskóla á félagssvæði sínu. Bæklingurinn kallast *Láttu ekki plata þig*. Í þessu riti, sem er í vasabókarbroti, verður 10. bekkingum bent á nokkra grundvallarþætti sem skipta máli þegar fólk ræður sig til vinnu s.s. um hvaða upplýsingar eiga að koma

fram á launaseðlum, hvar megi leita upplýsinga um lágmarkskjör, aðstoð stéttarféлага og margt fleira.

Hjá Eflingu höfum við því miður orðið vör við það að það eru ekki allir atvinnurekendur jafn vandaðir í vinnubrögðum þegar kemur að ráðningu á unglingum til starfa. Því miður er einnig allt of mikið um það að ungt



fólk sem er að hefja störf á vinnumarkaði - hvort heldur í fullu starfi eða vinnu með skóla - þekkir ekki rétt sinn og lætur bjóða sér kjör sem eru undir lágmarkskjörum. Þessu viljum við breyta og benda fólki á að kynna sér réttindi sín þegar það ræður sig til vinnu. Því eru skilaboð Eflingar til allra ungmenna sem eru á vinnumarkaði: *Láttu ekki plata þig!*

ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...

Vaka
DEKKJA
ÞJÓNUSTA
ELDSHÖFÐA 6 - SÍMI 567 7850

- Láttu setja vetrardekkinn á aukafelgur.
- Það sparar þér umfelgun tvisvar á ári!
- Það fer betur með dekkinn.
- Þú lendir ekki í örtröð dekkjaverkstæðanna.

VERTU HAGSÝNN Í ÁR!

Mikið úrval af góðum notuðum vetrardekkjum einnig low profile dekk 16" 17" 18"

Seljum einnig:

- Sólabað hjólbarda
- Nýja hjólbarda

Kynntu þér málid og sparðu útgjöldin. Við gerum þér gott tilboð.

Eigum mikið af notuðum felgum á margar gerðir bifreiða.

Það margborgar sig að eiga dekkinn tilbúin á felgum.

Tilboð Eflingar og Borgarleikhússins

Allir í leikhús í vetur



Leikfélag Reykjavíkur og Efling-stéttarfélag átta samstarf á síðasta vetri þar sem Efling-stéttarfélag greiddi niður miðaverð fyrir hópa innan félagsins en leikhúsið veitti afslátt af fullu miðaverði. Nokkur hundruð félagsmanna nýttu sér tilboðið og þakkarbréf og kveðjur streymdu inn bæði til Eflingar og leikhússins í kjölfarið.

Nú er efnt til endurtekens samstarfs og mun þetta tilboð gilda fyrir sýningar á fimmtudögum og sunnudögum. Efling-arfélagar geta því átt von á póstkorti inn um lúguna hjá sér á næstunni sem er ávísun á niðurgreiddan leikhúsmiða.

Borgarleikhúsið er stærsta leikhús landsins með fjögur svið undir sama þaki og þar ættu allir að finna sér eitthvað við hæfi. Haustið hefst með frumsýningu á leikriti um fröken Sigurlínu Rúllugardínu Nýlendingu Krúsímundu Efraímsdóttur Langsokk sem flestir kalla nú bara Línu Langsokk og er eftir Astrid Lindgren. Einnig verða á fjölnum fram til áramóta gamanleikritið Öfugu megin uppí eftir Derek Benfield og Púntila bóndi og Matti vinnumaður eftir Bertolt Brecht. Þá verða nokkrar sýningar á Rómeó og Júlíu (áður en sýningin fer til London) og Kvetch sem hlaut Grímuverðlaunin sem besta leiksýning s.l. árs. Úr ýmsu fleiru verður að velja fram til áramóta og því um að gera að fylgjast með daglegum dálki leikhússins eða skoða www.borgarleikhus.is



HEIMILISÍÐNAÐARSKÓLINN

Laufásvegi 2 - 101 Reykjavík

sími 895 0780 og 551 7800

netfang hfi.skoli@islandia.iswww.islandia.is/~heimilisidnadur

HANDVERK – Stutt og löng, dag og kvöldnámskeið

Hör: Fræðsla um ræktun á hör, hör tekinn upp og unninn. Námskeiðið fer fram á Skógum undir Eyjafjöllum, laugardaginn 13. september.3

Körflugerð: Kenndar nokkrar aðferðir við að flétta körfur úr tágum, sefgrasi og fleiri efnum.

Vefnaður: Hver nemandi velur sér verkefni, setur upp í vefstól og vefur.

Þæfing: Kennt er að þæfa ull og mótal í nytjahluti og skrautmuni.

Vattarsaumur: Aðferð sem notuð var við gerð vettlinga o.fl. áður en þrjón þekktist.

Útsaumur: Nemendur læra nokkrar útsaumgerðir.

Jurtalitun: Garn lítað úr nokkrum algengum litunarjurtum.

Knipl: Nemendur læra að knipla blúndur með hör.

Þjóðbúningar kvenna: Saumaður er upphlutur eða peysuföt.

Þjóðbúningur karla: Saumaður er búningur á karl, þ.e. hnébuxur eða síðar buxur, vesti, jakki og skyrti.

Önnur búinganámskeið:
Skautbúningur og kyrtillbúningur
Faldbúningur
Möttulsaumur.

Baldýring: Kennd er baldýring með silki og gull- eða silfurvír. Nemendur setja upp upphlutubörð.

Tóvinna: Nemendur læra hefðbundnar aðferðir við vinnu á ull, spunnið bæði á rokk og halasnældu.

Myndvefnaður: Ofið er í ramma, kenndar eru helstu aðferðir við myndvefnað.

Orkering: Kennd er aðferð við að gera blúndur og dúka

Útskurður: Nemendur byrja á einföldu verkefni og læra handtök og beitingu verkfæra.

Hekl: Kenndar eru algengar aðferðir í hekli.

Spjaldvefnaður: Nemendur setja upp og vefa nokkur tilbrigði af böndum.

Fótvefnaður: Nemendur læra að vefa einföld, röndótt eða mynstuð bönd. Þegar ofið er á fæti eru engin áhöld notuð.

Kortagerð: Nemendur læra nokkrar aðferðir við að gera tækifæriskort.

Eftirfarandi námskeið eru á döfinni ef næg þátttaka fæst:
Þrjöntækni
Lopapeysuprjón
Fatasaumur
Sauðskinnsskögerð
Keðjugerð
Viravirki
Tauprykk
Hnýtingar

Vefnaður í uppsettum vefstólum: Gólfmottur. Nemendur lægja aðstöðu í uppsettum vefstól í 2-3 vikur. Övanir geta fengið aðstöðu.

Nánari upplýsingar og skráning alla virka daga kl. 10 - 17 í síma 895 0780



Fjármál heimilisins

Veistu í hvað þú ert að eyða?

- viltu læra að gera meira úr peningunum?

Efling mun í vetur halda áfram með námskeið um fjármál heimilanna fyrir félagsmenn. Þessi námskeið voru vinsæl meðal félagsmanna Eflingar síðasta vetur og hafa fjölmargir Eflingarfélagar sagt okkur af betri fjárhagsstöðu sinni eftir að hafa sótt þessi námskeið. Námskeiðið er ætlað fólki sem vill læra að nýta tekjurnar sem best, losna hratt við skuldir og koma góðu skipulagi á heimilisreksturinn. Kennari er Ingólfur Hrafnkell Ingólfsson.

Markmið námskeiðsins er að kenna hvernig best er að ná tökum á fjármálunum, byggja upp sparnað, sjóði og eignir. Farið er yfir ýmsar tegundir lána og sparnaðar. Vextir og verðbætur útskýrð og kennt hvernig á að lesa út úr



Kennari er Ingólfur Hrafnkell Ingólfsson

greiðsluseðlinum. Kennarar eru leiðir til þess að auka ráðstöfunartekjur heimilisins, stýra útgjöldunum og fá sem mest út úr þeim peningum sem til eru. Kennnt verður á notkun heimilisbókhalds og fá þátttakendur 12 mánaða fría áskrift að bókhaldskerfi Fjármála heimilanna ehf ásamt lykilorði að veltukerfinu sem er árangursrík leið til þess að losna hratt við skuldir.

Fjármálafrelsi fyrir ungt fólk - Námskeið sem er sérhannað fyrir fólk á aldrinum 16 – 22 ára.

Í haust verður í fyrsta sinn haldið sérstakt námskeið fyrir ungt fólk. Sérstaklega er útskýrt hvað vextir og verðbætur eru og hvað Albert Einstein átti við þegar hann sagði vaxtavextina vera áttunda undur veraldar. Kennnt er að gera fjárhagsáætlun og skemmtilegt heimilisbókhald. Farið er yfir aðferðir til að spara og fjárfesta og þær leiðir sem eru árangurs-

Markmið námskeiðsins er að kenna hvernig best er að ná tökum á fjármálunum

ríkar til að auka við tekjurnar. Áhrif skatta á tekjur eru skoðaðar og tekin dæmi af jaðarsköttum og hvað aukavinnan skilar miklu í vasann. Skoðað er hvort fljótlegri er að eignast eitthvað með því að taka lán eða spara, hvort betra sé að kaupa íbúð eða leigja, hvað kostar að reka bíl og hvað þarf til þess að hafa það fjárhagslega gott burt séð frá því hverjar tekjurnar eru.

Innifalið í báðum námskeiðunum eru ítarleg námskeiðsgögn og 12 mán. frí áskrift að heimilisbókhaldi og veltukerfi Fjármála heimilanna.

Skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500 eða í tölvupósti efling@efling.is

Nánari upplýsingar um bæði námskeiðin er að finna á www.fjarmalafrelsi.is

Fróðleiksmolar

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

**Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500
Félagar- fylgist með réttindum ykkar!!!!**

Hvað?

Fjármál heimilanna

Fjármálafrelsi fyrir ungt fólk

Hvenær?

13. og 15. október,
kl 18:00 til 22:00

14. og 16. október,
kl kl 18:00 til 22:00

Hvar?

Fræðslusetri Eflingar
að Sætúni 1, 4. hæð.

Fræðslusetri Eflingar
að Sætúni 1, 4. hæð.



Lítið eða stórt, einfalt eða margbrotið
VÍS býður nú fjölbreyttari tryggingar
 fyrir fjölskyldur og heimili
 — og veitir þér alla afslætti strax



Heimilistrygging

Innbústrygging



Trygging á innbúi



Trygging á innbúi



Trygging á innbúi



Trygging á innbúi



Innbústrygging



Ábyrgðartrygging einstaklings



Ábyrgðartrygging einstaklings



Ábyrgðartrygging einstaklings



Ábyrgðartrygging einstaklings



Málkostnaðartrygging



Málkostnaðartrygging



Málkostnaðartrygging

Verð 6.492 kr. á ári
 eða 541 kr. á mánuði*



Fritímaslysartrygging



Fritímaslysartrygging



Fritímaslysartrygging



Farangurstrygging erlendis



Farangurstrygging erlendis

Verð 8.825 kr. á ári
 eða 735 kr. á mánuði*



Sjúkrakostnaðar- og
 ferðarofstrygging á
 ferðalögum erlendis



Sjúkrakostnaðar- og
 ferðarofstrygging á
 ferðalögum erlendis



Umönnunartrygging barna

Verð 13.406 kr. á ári
 eða 1.117 kr. á mánuði*

Verð kr. 17.943 á ári
 eða 1.495 kr. á mánuði*

*Íðgjöld með afslætti vegna eins
 bús þar sem það á við, með
 opinberum gjöldum án
 stampgalds, í maí 2003.
 Vátryggingarverðmæti innbús kr.
 4.500.000.

Bótavíð og bótafjárhæðir eru
 mismunandi eftir tryggingum.

VÍS fjölskylduvernd

Fjölskylduhagir eru með ýmsu móti en allir eiga það þó sameiginlegt að þurfa tryggingu við hæfi. Til að koma til móts við mismunandi þarfir býður VÍS mjög breitt úrval trygginga fyrir fjölskyldur og heimili, því ætti enginn að vera ótryggður. Nýjasta afurðin í þessum flokki er Festa, sem veitir viðtæka vernd á hagstæðum kjörum.

Það glíðir einu hvort heimilið er lítið eða stórt, einfalt eða ríkulega búið. Í því eru fólgin verðmæti fyrir hvern og einn ef til tjóns kemur. F plus,

Festa, Kjarni, Heimilistrygging og Innbústrygging eru tryggingar ætlaðar einstaklingum og fjölskyldum. Bótavíð hverrar tryggingar og iðgjöld eru mismunandi þannig að allir ættu að geta fundið tryggingu við sitt hæfi. Hafðu samband við VÍS og við metum með þér hvað hentar í þínu tilvik.

Nánari upplýsingar um tryggingarnar er að finna í skilmálum þeirra.

Hvernig
 viðbúðir við vaxandi
 tryggingunum



Þessi mynd er VÍS



Hringdu í síma 560 5000

og láðu sendan bækling um
 fjölskylduvernd VÍS.

Þjónustuver VÍS svarar fyrirspurnum í síma 560 5000 eða á upplýsingar@vis.is.
 Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3, 108 Reykjavík, www.vis.is



þar sem tryggingar
 snúast um fólk



Stutt starfsmenntabraut orðin til

Nýtt **nám** fyrir leikskólastarfsmenn

Nú á vormánuðum var stutt starfsmenntabraut fyrir starfsmenn á leik og

grunnskólum staðfest endanlega í menntamálaráðuneytinu. Það hefur

verið unnið að þessari starfsmenntabaut í nokkur ár og er því ánægjulegt að þessum áfanga sé náð.

Námið er 69 eininga sjálfstætt nám sem mun veita möguleika til fjölbreyttari starfa innan leikskólans og getur einnig verið góður undirbúningur undir frekara nám á sviði uppeldismála. Náminu er ætlað að gefa fólki tækifæri til að öðlast aukna færni á sviði uppeldis og kennslu og geta tekið virkan þátt í að vinna eftir námskrá leikskólans.

Þeir sem áhuga hafa á þessu námi og eru orðnir 22 ára og hafa að baki þriggja ára starfsreynslu á vettvangi leik- og grunnskóla eiga þess kost að fá metið nám og starfsreynslu sem hluta af námi á brautinni.

Verið er að undirbúa kynningarbækling um þessar námsbrautir og verður hægt að fá hann sendan en hann verður einnig sendur á alla leik og grunnskóla landsins.

Mikilvægum áfanga er náð með þessari stuttu starfsmenntabaut á sviði starfsmenntamála. Námið verður kennt m.a. í fjölbrautarskólum og einnig hægt að taka einingar í kvöldskólum og Námsflokkum.

Uppbyggjandi efni

www.ostur.is Íslenskir ostar - hreinasta afbragð



Hafið **samband** samdægurs!

Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.

Framhald af blaðsíðu 48

glæsilega útkomu. Það var afskaplega ánægjulegt fyrir mig og samstarfsfólk mitt.

Eftir að við fluttum inná Kirkjusand komu c.a. 200 manns í mat en núna er þeir um 500 þannig að það er eins gott að við stöndum okkur, segir Valgerður ennfremur.

Það er gaman að segja frá því að rétturinn sem hefur náð mestum vinsældum hjá okkur varð til í eldhúsinu heima hjá mér. Kvöldmatartíminn okkar hjóna var að nálgast og af því að ég nennti ekki út í búð, fór ég í ísskápinn og týndi til eitthvað sem hægt var að notast við til matargerðar. Útkoman varð kjúklingaréttur sem heppnaðist það vel, að ég ákvað að leyfa starfsmönnum bankans að smakka á honum og síðan hafa þeir oft beðið um þennan rétt.

Valgerður segir, að kokkar hafi ekki tollað undir sinni stjórn. Sennilega af því að hún hafi verið of stjórnsöm, en að sér hafi líkað mjög vel við þá alla. Ég saknaði Vals Valssonar mikið þegar hann hætti. Hann hafði svo þægilega nálægð. Eins saknaði ég Tryggva Pálssonar þegar hann fór yfir í Seðlabank-



ann, og fleiri samstarfsmanna sem hafa hætt störfum á þessum árum.

Aðspurð, hvað taki við þegar hún hættir að vinna, segist Valgerður ætla að sinna áhugamálum sínum, en hún málar og sker út í tré. Svo ætla ég að hjálpa barnabörnum og barnabarnabörnum mínum við skólanámið. Ég er afskaplega þakklát yfirmönnum

mínum fyrir hvað þeir hafa sýnt mér mikið traust í þessu starfi, sagði Valgerður um leið og hún stóð upp til að heilsa barnabarni sínu sem var að koma í heimsókn til ömmu. Þegar ég gekk úr matsalnum, sá ég ömmu koma með gos og nammi og rétta ömmastráknum sínum við mikinn fögnuð.

Njóttu dagsins

Taktu flugið

Hafðu samband við
Bergþóru eða Kristjönu
í síma **570 30 35**
hopadeild@flugfelag.is

flugfelag.is

Árshátíðarslaufur

Starfsmannafélög, klúbbar, hópar...
Látið okkur hnýta árshátíðarslaufuna

Litrikar og eftirminnilegar árshátíðarslaufur til:

Akureyrar

Egilsstaða

Ísafjarðar

Reykjavíkur


Færeyja

Frábærir gistinguðir. Gerum tilboð í flug, gistingu og hátíðarkvöldverð.

Tryggið ykkar sæti í tíma!

FLUGFÉLAG ÍSLANDS





Lausnarorð:

Nafn: _____

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum.


Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sætún 1, 105 Reykjavík.

Svar þarf að berast fyrir 1. nóvember nk.



Jóna Vigdís Kristinsdóttir afhendir Grétari Halldórssyni 8.000 kr. verðlaun fyrir rétta lausn á krossgátu Eflingarblaðsins

Lausn síðustu krossgátu



Parabakka 3 109 Reykjavík

Kennsla til allra ökuréttinda.
Bífhjólapróf og
almennt ökupróf (B.réttindi).

**Einnig kennsla fyrir ensku
og tailenskumælandi fólk !**

Aukin ökuréttindi

Kennsla á leigu- vöru og hópþjálfun
og vörubílfreið með eftirvagn.

Hægt að hefja nám alla miðvikudaga !

Reyndir kennarar og góðir kennslubílar.

Aukið við atvinnumöguleikana.

Hringið eða komið og leitið upplýsinga.

Sími 567-0300

E-mail okusk.mjodd@simnet.is



Framhald af blaðsíðu 15

Hafið laðar....

Árið 1964 fór ég að vinna á Landspítalanum sem gangastúlka en mér leiddist mikið í landi og sjórinn togaði alltaf í mig. Að lokum sótti ég um skipspláss hjá Eimskip og komst sem þerna í einn túr til Póllands og Norðurlandanna með Tröllafossi. Um sumarið réð ég mig svo sem þernu á Esjuna og fór í nokkrar hringferðir. Um haustið fór ég á Selfoss og síðan á Brúarfoss og sigldi aðallega á Ameríku. Á Brúarfossi kynntist ég manningnum mínum, Þóri Ásgeirsyni, sem var bátsmaður um borð og urðu þau kynni til þess að ég endaði sem gift kona í landi og eignaðist þrjár yndislegar dætur. Seinna leysti ég af í nokkrum tórum, en þess á milli fór ég í ferðir með eiginmanninum m.a. til Marseilles í Frakklandi, Alsír, Lýbíu, og

Sýrlands. Maðurinn minn varð svo leiður á sjómennskunni og ákvað að kaupa sér gröfu og fara að vinna í landi.

Ég fékk starf sem kokkur um borð í sanddæluskipinu Sandey og vann þar í 4 ár og tvö sumur. Ætli ég hafi ekki hætt þar árið 1985.

Sjórinn togar áfram

En áfram hélt sjórinn að toga í mig og eftir að hafa fengið reynslu af starfi kokksins til sjós fór ég nokkra tóra með skipum Eimskips m.a. til Riga í Lettlandi og Múrmansk í Rússlandi. Þá var ég á Lagarfossi og það eru tveir atburðir sem eru mér mjög minnistæðir úr þeirri ferð. Fyrri atburðurinn var þegar við vorum að sigla fyrir Reykjanesraustina um hánótt í brjáluði veðri að ég vaknaði svona líka bullandi sjóveik. Þá sagði ég við sjálfa mig. Oddný, nú hefurðu tekið þér eitthvað fyrir

hendur sem þú kemst aldrei út úr og núna er bara best fyrir þig að glundra þér í sjóinn. Hitt var eftirminnilegt þorablót sem áhöfnin hélt um borð í skipinu í Múrmansk.

Árið 1986 hætti ég á sjónum og fór að vinna í landi. Þá fór ég í mína fyrstu sólarlandsferð til Rimini á Ítalíu í sumarfrí í þrjár vikur. Síðan hef ég farið til Mallorca og Flórída. Þannig hefur viljað til að dætur mína ásamt fjölskyldum sínum hafa búið á Flórída í Brasilíu og 5 löndum í Afríku og það hefur gert mér kleift að koma til flestra þessara landa. Núna býr yngsta dóttir mín á Curacao, hollenskri eyju fyrir utan Venesuela og síðastliðið sumar gerðist ég barnfóstra hjá henni í 2 mánuði. Hún var að vinna og á meðan skólinn var lokaður vildi hún ekki skilja dæturnar sínar eftir einar heima.

Um síðustu páska fórum við hjónin í 6 daga ferð til Equador og komumst á miðbaug. Það var yndisleg tilfinning. Við fórum á indjámarmarkað og svo leigðum við bíl með bílstjóra og fórum í 9 klukkutíma skoðunarferð sem kostaði aðeins 12 þúsund íslenskar krónur og þótti ekki mikið fyrir allt sem við sáum í ferðinni.

Í sumar stóð Efling fyrir ferð til Búdapest í Ungverjalandi og það var alveg yndisleg ferð. Ég fékk tækifæri til að heimsækja Vín aftur eftir 44 ár og fór m.a. í Vínarskóg. Þá birtust mér aftur ljóslifandi, löngu horfnir atburði úr fyrri ferðinni. Það var alveg ólýsanleg tilfinning. Núna er ég hætt að vinna. Að frumkvæði mannsins míns, sem er mjög óvenjulegt, fórum við í viku ferð til Kúbu í nóvember og verður það 45. landið sem ég heimsæki. Takmarkið er að heimsækja 50 lönd sagði Oddný að lokum og ákafinn leyndi sér ekki í röddinni.

**ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI
ÖLL ÖKURÉTTINDI**

Ný námskeið vikulega

www.nyiokuskolinn.is

**NÝ
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 588 4500 • 898 3903



ALUX

ÖÐRUVÍSI EN ANNÐ!

gorenje

Taktu áskoruninni. Nú er tími kominn til að innleiða álið í eldhúsið.

Ál áferðin endurspeglar hreinleika tækjanna og tæknileg

fullkomin Gorenje gerir tækin auðveld í notkun.

Alux tækin frá Gorenje veita þér margfalda ánægju.

RÖNNING

70
1933-2003

Borgartúni 24 | Reykjavík | Sími 562 4011 | Óseyri 2 | Akureyri | Sími 460 0800



PASSAÐU ÞIG

VINKONUR DÓTTUR ÞINNAR GÆTU
BYRJAÐ AÐ REYNA VIÐ ÞIG



Íslendingar eiga góðar minningar frá kynnum sínum af Mitsubishi Lancer á árum áður. Nú snýr hann aftur, hertur af reynslu úr æsilegum rallýkeppnum um allan heim, með fullt af tækninýjungum í farteskinu. Komdu og hittu magnadan bíl – aftur.

NÝR MITSUBISHI LANCER

MITSUBISHI.IS

